

Knattspyrnusamband Íslands



2011

**66. ársþing KSÍ
Skýrsla stjórnar**

ÁVARP FORMANNS

Merkum áfanga var náð þegar 100. Íslandsmótið í knattspyrnu fór fram 2011. Íslandsmótið hefur frá fyrsta degi verið snar þáttur í mannlífinu og varla er það samfélag eða sú byggð á landinu að þar hafi ekki verið háðir kappleikir undir merkjum þess. Allar götur frá 1912 hefur Íslandsmótið í knattspyrnu verið helsti íþróttaviðburður landsins, fyrst í Reykjavík en síðan um land allt. Almennitur sýndi leiknum strax mikinn áhuga og fjölmennti á völinn og er svo enn í dag. Í tímans rás hefur Íslandsmótið vaxið úr nokkrum leikjum í fleiri þúsund leiki á ári hverju. Aldrei hafa fleiri lið tekið þátt og aldrei hafa leikirnir verið fleiri en á 100. Íslandsmótinu.

Skipulögð keppni í 100 ár sýnir vel vinsældir knattspyrnuleiksins og þann trausta grunn sem hann byggir á. Margir hafa komið við sögu og gert garðinn frægan með þátttöku sinni en aðrir hafa unnið afrek utan vallar við stjórnun og rekstur knattspyrnuliða. Íslandsmótið hefur laðað að sér æsku landsins til þátttöku í knattspyrnu, íþróttinni sem nýtur meiri vinsælda en nokkur önnur íþrótt um heim allan. KSÍ fékk Sigmund Ó. Steinarsson til að rita sögu Íslandsmótsins og rakti Sigmundur hana í máli og myndum í tveimur glæsilegum bókum sem komu út á starfsárinu.

KR varð Íslandsmeistari með sigri í Pepsi-deild karla en það var einmitt KR sem bar sigur úr býtum í fyrsta mótinu 1912. KR varð einnig bikarmeistari eftir sigur á Þór í skemmtilegum úrslitaleik Valitor-bikars karla. Nýtt nafn var ritað á Íslandsmeistarabikar kvenna. Stjarnan varð glæsilegur sigurvegari en liðið hafði mikla yfirburði í Pepsi-deild kvenna, vann 17 leiki og tapaði einum. Valur vann KR í úrslitaleik Valitor-bikars kvenna og varð liðið þar með bikarmeistari á 100. afmælisári félagsins.

U21 landslið karla tók þátt í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn en keppnin fór fram í Danmörku og tóku 8 landslið þátt. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti í sínum riðli eftir leiki gegn Hvíta-Rússlandi, Sviss og Danmörku. Ísland hafnaði því í 5. - 6. sæti í Evrópukeppni landsliða U21 2009-11 en allar 53 aðildarþjóðir UEFA tóku þátt í undankeppninni. Þessi árangur Íslands vakti mikla athygli í Evrópu. Yngri landslið karla og kvenna áttu í heildina gott ár og árangur U17 landsliðs kvenna var frábær, en liðið komst í 4ra liða úrslitakeppni EM og hafnaði í 4. sæti, sem er besti árangur Íslands í keppni á vegum UEFA. U17 landslið karla vann Opna Norðurlandamótið í fyrsta sinn, en mótið var haldið á Norðurlandi og tókst vel. Þessi árangur sýnir enn á ný hve öflugt uppbyggingarstarf fer fram innan aðildarfélaga KSÍ.

A landslið karla lauk þátttöku í undankeppni EM 2012, en úrslitakeppnin fer fram í Póllandi og Úkraínu í sumar. Liðið lék 5 leiki á árinu í sínum riðli í EM, tapaði þremur leikjum, gerði eitt jafntefli og vann einn. Niðurstaðan varð því 4 stig í undankeppninni og 4. sæti í riðlinum. Danmörk varð sigurvegari riðilsins og fór beint í úrslit. Portúgal sem hafnaði í 2. sæti riðilsins komst einnig í úrslit, en eftir umspil við Bosnía. Stjórn KSÍ ákvað að endurnýja ekki samning sinn við Ólaf Jóhannesson landsliðsþjálfara en hann rann út um sl. áramót. Ólafi eru þökkuð góð störf fyrir KSÍ sl. 4 ár. Lars Lagerbäck var ráðinn landsliðsþjálfari næstu tvö árin, 2012-13, og mun hann stýra liðinu í undankeppni HM 2014 en þar leikur Ísland í riðli með Noregi, Sviss, Slóveníu, Albaníu og Kýpur.

A landslið kvenna hóf leik í undankeppni EM 2013 en úrslitakeppnin fer fram í Svíþjóð og þar taka 12 lið þátt, en UEFA hefur ákveðið að liðin verði 16 í úrslitakeppni EM 2017. Þegar keppnin er hálfnuð er Ísland í 1. sæti með 13 stig úr 5 leikjum. Liðið hefur staðið sig frábærlega og ef það heldur áfram á sömu braut getur það í haust tryggt sér sæti í úrslitakeppninni í Svíþjóð. Sigurvegarar riðlanna í undankeppninni komast beint í úrslitakeppnina ásamt því liði sem hlýtur bestan árangur í 2. sæti. Síðan fara önnur lið í 2. sæti riðlanna í umspil um þriðju sæti í úrslitakeppninni.

Starfsemi KSÍ var viðamikil á sl. starfsári og í raun meiri en nokkurn tímann fyrr. Metár á margan hátt, m.a. í fjölda skipulagðra leikja og fjölda liða í keppni, fræðslustarfsemi var öflugri en áður fyrir þjálfara og dómara. Nú hafa 8 íslenskir þjálfarar lokið æðstu þjálfaragráðu UEFA - Pro gráðu sem er jákvæð þróun fyrir íslenska knattspyrnu. Rekstrarhagnaður á hefðbundinni starfsemi var tæp 61 milljón króna, en með framlögum og styrkjum til aðildarfélaga og fjármagnsliðum varð niðurstaðan hagnaður upp á rúmar 9 milljónir króna. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélögum fyrir öflugt knattspyrnustarf á liðnu starfsári. Samstarf við forystumenn félaganna var til fyrirmyndar og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. dómurum, eftirlitsmönnum, nefndarmönnum, sjálfbóðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og að síðustu öllum þeim fjölda iðkenda sem eru alltaf í boltanum.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

STJÓRN KSÍ

65. ársþing KSÍ var haldið á Hilton Nordica Hótel 12. febrúar 2011. Geir Þorsteinsson var endurkjörinn formaður KSÍ, en hann var einn í kjöri. Kosið var um fjögur sæti í aðalstjórn KSÍ og voru fimm í framboði. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaform.
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	ritari
Lúðvík S. Georgsson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Róbert Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Vignir Már Þormóðsson	

Í varastjórn KSÍ voru sjálfkjörnir Jóhannes Ólafsson, Sigvaldi Einarsson og Þórarinn Gunnarsson.

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Valdemar Einarsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðbjólfsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland.

Stjórn KSÍ hélt 14 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

STARFSFÓLK KSÍ

Einn starfsmaður var ráðinn til tímabundinna verkefna á árinu og starfaði hann frá vori til hausts. Magnús Stefánsson var ráðinn í mótadeild, til skráningar á leikskýrslum í gagnagrunn KSÍ, en unnið hefur verið að því síðustu ár að skrá leikskýrslur aftur í tímann inn í gagnagrunninn.

Starfsfólk KSÍ 2011:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
- Birkir Sveinsson, mótastjóri
- Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
- Guðlaugur Gunnarsson, mótamál

- Gunnar Gylfason, landsliðsmál
- Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
- Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
- Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsm.
- Magnús Már Jónsson, dómastjóri
- Margrét Elíasdóttir, ritari
- Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstj.
- Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
- Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
- Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
- Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
- Tímabundnar ráðningar:
 - Magnús Stefánsson, mótamál

•••••

MÓTIN 2011

FUTSAL-MEISTARARNIR FRÁ REYKJAVÍK

Úrslitakeppni meistaraflokks kvenna á Íslandsmótinu í Futsal fór fram á Álftanesi. Var um hörkukeppni að ræða og svo fór að lokum að þrjú félög voru jöfn að stigum, en Þróttur R. hampaði Íslandsmeistaratitlinum á markatölu. Auk Þróttar voru það Álftanes og HK/Víkingur sem höfðu sama stigafjölda en heimakonur í Álftanesi fengu silfurpeninginn um hálsinn.

Það voru Fjölnismenn sem hömpuðu Futsal-Íslandsmeistaratitlinum í meistaraflokki karla á Álftanesi að viðstöddum rúmlega 200 áhorfendum. Fjölnismenn tryggðu sér sæti í úrslitaleiknum með því að leggja Eyjamenn að velli í undanúrslitunum en Víkingar höfðu sigur gegn ríkjandi Íslandsmeisturum í Keflavík í hinum undanúrslitaleiknum. Fjölnir lagði svo Ólafsvíkur-Víkinga í æsi-spennandi úrslitaleik með þremur mörkum gegn tveimur.

LENGJUBIKARINN

Fimmta árið í röð bar deildarbikarkeppnin heitið Lengju-

bikarinn, samkvæmt samstarfs-samningi KSÍ og Íslenskra getrauna. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum.

Valsmenn tryggðu sér sigur í A-deild Lengjubikars karla með því að leggja Fylkismenn í úrslitaleik í Egilshöll. Jafnt var eftir venjulegan leiktíma, 1-1, en Valsmenn skoruðu tvö mörk í framlengingu og tryggðu sér titilinn. Afturelding vann sigur í B-deild, en Björninn í C-deild.

Stjörnustúlkur fögnuðu sigri í A-deild Lengjubikars kvenna. Lögðu þær Valsstúlkur að Hlíðar-enda með tveimur mörkum gegn einu eftir að Valur hafði leitt í leikhléi. Þetta var í þriðja skiptið sem Stjarnan lék til úrslita í keppninni, en í fyrsta sinn sem liðið bar sigur úr bítum. ÍBV vann sigur í B-deild kvenna og Selfoss vann í C-deild.

HÉRAÐSMÓT

Valsmenn fögnuðu sigri í Reykjavíkurmóti karla þegar þeir lögðu granna sína úr KR í úrslitaleik sem fram fór í Egilshöllinni. Eftir markalausan fyrri hálfleik þá tryggðu Valsmenn sér sigur í mótinu með marki eftir um klukkutíma leik og var þar að verki Guðjón Pétur Lýðsson. Valsmenn fögnuðu því titlinum í leikslok en það voru kunnir knattspyrnukappar úr þessum félögum sem afhentu verðlaunin, þeir Elías Hergeirsson og Hörður Felixson.

Valsstúlkur tryggðu sér Reykjavíkarmeistaratitilinn fjórða árið í röð þegar þær unnu öruggan sigur á HK/Víkingi í lokaleik mótsins. Valur hafði sigur í öllum fimm leikjum sínum og fékk ekki á sig mark í leið sinni að titlinum. Aðeins tvö félög, Valur og KR,

hafa unnið Reykjavíkumeistaratitilinn í kvennaflokki frá því að fyrst var keppt um hann árið 1982. Þetta var því í þrítugasta skiptið sem leikið var um Reykjavíkumeistaratitilinn í kvennaflokki og hefur Valur unnið 20 sinnum en KR 10 sinnum.

KA vann sigur á grönnum sínum úr Þór í úrslitaleik Soccerademótsins. Lokatölur leiksins urðu 3-2, en Þór leiddi með einu marki í hálfleik. Soccerade-mótið er undirbúningsmót félaganna á Norðurlandi og fóru allir leikir mótsins fram í Boganum.

Breiðablik vann öruggan sigur í Faxaflóamóti mfl. kvenna með því að vinna alla þrjá leiki sína sannfærandi. Þetta var í sjöunda sinn sem mótið er haldið og hafa Blikastúlkur unnið sigur í mótinu öll árin.

Nýtt vetrarmót, *Fótbolta.net mótið*, leit dagsins ljós á árinu. Þátttökuliðin voru 8 talsins, lið úr efstu tveimur deildum karla sem leika utan Reykjavíkur, og var leikið í knattspyrnuhöllum á suðvestur horninu. ÍBV og Keflavík höfnuðu í efstu sætum riðlanna tveggja og léku því til úrslita, þar sem Keflvíkingar höfðu betur 4-3.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

Það voru bikarmeistararnir í FH sem tryggðu sér sigur í Meistarakeppni karla með því að leggja Íslandsmeistarana í Breiðabliki. Leikið var í Kórnum og tryggði FH sér sigur með því að skora þrjú mörk án þess að Blikar næðu að svara fyrir sig. Þetta er þriðja árið í röð sem FH fer með sigur í þessari keppni en keppt er um Sigurðarbikarinn sem gefinn var til minningar um Sigurð Halldórsson.

Valsstúlkur tryggðu sér sigur í Meistarakeppni KSÍ þegar þær lögðu Þór/KA en leikið var í Kórnum. Lokatölur urðu 3-1 Val í vil eftir að staðan hafði verið 2-0 í leikhléi. Þetta er fimmta árið í röð sem að Valsstúlkur fara með sigur í þessari keppni og í sjöunda skiptið á síðustu átta árum.

FH-INGUM SPÁÐ SJÖTTA ÍSLANDSMEISTARATITILINUM

Á hinum árlega kynningarfundum Pepsi-deildar karla, sem fram fór í Háskólabíói, spáðu fulltrúar félaganna í deildinni um lokastöðu liðanna. Íslandsmeisturum Breiðabliks var spáð þriðja sætinu, á eftir KR í öðru sæti og FH í því fyrsta. Blikum hafði reyndar einnig verið spáð 3. sætinu árið á undan, en þá urðu þeir meistarar. Fulltrúar félaganna reiknuðu með því að FH-ingar myndu vinna Íslandsmeistaratitilinn í 6. sinn. Nýliðum Víkings og Þórs var spáð falli. Þannig leit spáin út:

1.	FH	413 stig
2.	KR	380 stig
3.	Breiðablik	317 stig
4.	Valur	308 stig
5.	ÍBV	301 stig
6.	Fram	248 stig
7.	Keflavík	220 stig
8.	Fylkir	205 stig
9.	Grindavík	132 stig
10.	Stjarnan	129 stig
11.	Víkingur	93 stig
12.	Þór	62 stig

KR-INGAR ÍSLANDSMEISTARAR Í 25. SINN

Það var nokkuð ljóst framan af móti í Pepsi-deild karla að tvö lið voru líklegust til að berjast um Íslandsmeistaratitilinn, KR og ÍBV, þó svo að FH-ingar hafi í raun aldrei verið mjög langt

undan. Þegar á leið mótið gáfu bæði KR-ingar og Eyjamenn aðeins eftir og FH-ingar blönduðu sér í baráttuna. KR náði þó aftur flugi, en Vestmannaeyingar ekki og með góðum endaspretti tryggðu Hafnfirðingar sér 2. sætið í deildinni á kostnað ÍBV. KR-ingar tryggðu sér hins vegar efsta sætið, og þar með 25. Íslandsmeistaratitil félagsins í meistaraflokki karla, í næst síðustu umferð með því að leggja Fylkismenn, sem virtust sigla lygnan sjó þrátt fyrir að tapa síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni. Íslandsmeistarar Breiðabliks áttu í stökustu vandræðum allt sumarið og voru komnir í fallbaráttu undir lokin. Valsmenn virtust ætla að blanda sér í toppbaráttuna framan af, en fataðist smám saman flugið. Stjarnan náði sínum besta árangri frá upphafi í efstu deild með því að hafna í 4. sæti, sem hefði dugað til þátttöku í Evrópu deild UEFA ef KR-ingar hefðu ekki orðið Íslandsmeistarar. Þar sem KR vann einnig Valitor-bikarkeppnina kom UEFA-sætið í hlut Þórs, sem beið lægri hlut gegn KR í úrslitaleik bikarsins. Þórsarar verða því í Evrópukeppni sumarið 2012, þrátt fyrir að hafa fallið niður í 1. deild, ásamt Víkingum. Fallbaráttan var æsi-spennandi allt til loka og það réðist ekki fyrr en í loka-umferðinni hvaða lið myndi fylgja Víkingum niður. Framarar, sem virtust vera dæmdir til að falla eftir slakt gengi framan af móti, björguðu sér á ævintýrlegan hátt með mikilli sigurgöngu og sigrar Keflvíkinga og Grindvíkinga í lokaumferðinni tryggði áframhaldandi veru þeirra í efstu deild.

Pepsi-deild karla - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
KR	22	13	8	1	44	- 22	22 47
FH	22	13	5	4	48	- 31	17 44
ÍBV	22	12	4	6	37	- 27	10 40
Stjarnan	22	10	7	5	51	- 35	16 37
Valur	22	10	6	6	28	- 23	5 36
Breiðablik	22	7	6	9	34	- 42	-8 27
Fylkir	22	7	4	11	34	- 44	-10 25
Keflavík	22	7	3	12	27	- 32	-5 24
Fram	22	6	6	10	20	- 28	-8 24
Grindavík	22	5	8	9	26	- 37	-11 23
Þór	22	6	3	13	28	- 41	-13 21
Víkingur R.	22	3	6	13	24	- 39	-15 15

LANGFLESTIR ÁHORFENDUR MÆTTU Á LEIKI KR

Aðsókn á leiki í Pepsi-deild karla var góð síðastliðið sumar. Alls mættu 148.163 áhorfendur á leikina 132, sem gerir 1.122 áhorfendur að meðaltali á hvern leik. Þetta eru aðeins færri áhorfendur heldur en á síðasta tímabili þegar 1.205 áhorfendur mættu á völlinn að meðaltali, en fleiri en árin 2009 og 2008, þegar 12 félög léku í fyrsta skiptið í efstu deild.

Flestir mættu á heimaleiki KR að þessu sinni en 2.148 áhorfendur mættu að meðaltali. FH var með næst bestu aðsóknina, 1.686 áhorfendur að meðaltali á heimaleiki. Flestir mættu einnig á útileiki hjá Íslandsmeisturum í KR, en 1.529 mættu að meðaltali en næstbesta aðsóknin var á útileiki hjá ÍBV, 1.347 áhorfendur. Fjölmennast var á leik KR og Fylkis í 21. umferðinni en þá mætti 3.001 áhorfandi í Vesturbæinn. Fæstir áhorfendur voru hinsvegar á leik Vals og Þórs í 20. umferð þar sem aðeins 376 áhorfendur mættu.

Pepsi-deild karla - Aðsókn

Félag	Meðaltal
KR	2.148
FH	1.686
Valur	1.102
Víkingur R.	1.096
Fylkir	1.087
Breiðablik	1.065
Þór	971
Fram	920
Keflavík	904
Grindavík	843
ÍBV	826
Stjarnan	822
Alls meðaltal	1.122

TÓLFTI BIKARTITILL KR-INGA

Það var boðið upp á hörkuleik þegar Þór og KR mættust í úrslitaleik Valitor-bikars karla á Laugardalsvöllum. Þórsarar voru mun sterkari aðilinn lengst af og sóttu grimmt, án þess þó að ná að skora. Það gerðu KR-ingar hins vegar tvisvar og fögnuðu sigri í leikslok. Leikurinn hafði upp á allt að bjóða sem prýðir alvöru úrslitaleik og var stórkostleg skemmtun fyrir áhorfendur, sem voru vel á sjötta þúsund. Það var í raun með ólíkindum að Þórsurum skyldi ekki takast að koma knettinum í netið, því knötturinn hafnaði alls sex sinnum í slá eða stöng á marki KR-inga í leiknum. Bæði lið vildu fá vítaspyrnu í leiknum, en varð ekki að ósk sinni. Fyrri mark KR-inga kom á lokamínútum fyrri hálfleiks og var það leikmaður Þórs sem varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark. Einum leikmanni KR var síðan vísað af leikvelli í síðari hálfleik, og allt útlit fyrir mikla spennu, sem varð raunin. Þrátt fyrir tilraunir Þórsara náðu þeir ekki að skora, en það gerðu KR-ingar hins vegar og tryggðu sér sigur í Valitor-bikarnum 2011 við gríðarlegan fögnuð fjölmargra stuðningsmanna í stúkunn.

Sigur KR í úrslitaleik Valitor-bikars karla í ár er tólfti bikarmeistaratitill KR-inga og auka þeir því enn forystu sína á önnur lið í bikarsignum, en næst KR-ingum koma Valur og ÍA með 9 bikarmeistaratitla. KR varð bikarmeistari í 7 af fyrstu 8 skiptum sem leikið var um bikarinn, en fyrsta bikarkeppnin fór fram árið 1960.

VALSSTÚLKUM SPÁÐ SJÖTTA MEISTARATITLINUM Í RÖÐ

Það kom ekki mjög á óvart að fulltrúar félaganna skyldu spá Val sigri í Pepsi-deild kvenna á kynningarfundum í Háskólabíói. Enda hafði Valur, þegar þarna var komið, unnið Íslandsmeistaratitilinn fimm ár í röð. Grindvíkingum og Þrótturum var spáð falli og líklegt þótti að Afturelding myndi einnig berjast við falldrauginn. Þannig leit spáin út:

1.	Valur	283 stig
2-3.	Stjarnan	234 stig
2-3.	Þór/KA	234 stig
4.	Breiðablik	218 stig
5.	ÍBV	173 stig
6.	Fylkir	152 stig
7.	KR	140 stig
8.	Afturelding	79 stig
9.	Grindavík	69 stig
10.	Þróttur	68 stig

STJARNAN SKEIN SKÆRT Í GARÐABÆ

Nýtt nafn var ritað í Íslandsbikarinn í meistaraflokki kvenna. Stjarnan í Garðabæ sýndi það og sannaði að hún var með sterkasta lið landsins með öruggum sigri í Pepsi-deild kvenna. Eina tap Stjörnunnar í deildinni kom í 3. umferð, í útileik á móti Val, allir aðrir leikir skiluðu þremur stigum í hús. Þegar upp var staðið var titillinn öruggur, þar sem helstu keppinautarnir, Vals-

konur, töpuðu tveimur leikjum og gerðu þrjú jafntefli. Lið ÍBV byrjaði mótið frábærlega með fjórum sigrum og einu jafntefli í fyrstu fimm leikjunum, án þess að fá á sig mark, en Stjarnan stöðvaði þennan frábæra sprett í 6. umferð. Í kjölfarið komu fimm leikir án sigurs og ÍBV var ekki lengur með í baráttunni um titilinn. Það varð hlutskipti Þróttar og Grindavíkur að falla í 1. deild.

Pepsi-deild kvenna - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Stjarnan	18	17	0	1	57	- 14	43
Valur	18	13	3	2	56	- 16	40
ÍBV	18	10	4	4	41	- 15	26
Þór/KA	18	10	2	6	39	- 30	9
Fyllkir	18	8	2	8	27	- 30	-3
Breiðablik	18	7	2	9	31	- 37	-6
Aftureld.	18	4	3	11	16	- 40	-24
KR	18	3	4	11	17	- 38	-21
Grindavík	18	4	1	13	20	- 52	-32
Þróttur R.	18	2	3	13	19	- 51	-32

ÞRETTÁNDI BIKARTITILL VALS

Valur fagnaði sigri í úrslitaleik Valitor-bikars kvenna með því að leggja KR með tveimur mörkum gegn engu á Laugardalsvelli að viðstöddum rúmlega eitt þúsund áhorfendum. Eitt mark í hvorum hálfleik tryggði Vals-sigur. Aðstæður til knattspyrnu-íðkunar voru kjörnar og völlurinn í góðu standi. Leikurinn var fjörugur, en Valskonur fengu þó fleiri færi og það sem meira er, nýttu tvö þeirra.

Það eru aðeins fimm félög sem hafa hampað sigri í bikarkeppni kvenna í gegnum tíðina og bæði þessi lið eru þar á meðal, KR með fjóra bikartitla og Valur nú með 13, fleiri en nokkuð annað lið. Næst kemur Breiðablik með 9 bikarmeistaratitla. Sín á milli hafa KR og Valur nú komið við sögu í 26 af þeim 31 úrslitaleik

bikarkeppni kvenna sem farið hefur fram, og það í öllum úrslitaleikjum síðan 1994. Þetta var í 4. sinn sem KR og Valur leiða saman hesta sína í úrslitaleiknum, og hafa bæði lið nú unnið tvisvar.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Samanlagt voru 56 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi og/eða í beinni vefútsendingu á árinu, sem er heildarfjöldun um 17 leiki milli ára. Þessi aukning kemur til vegna innkomu Sport TV (www.sporttv.is) í kvennaboltanum, en þess ber þó að geta að fjöldun milli ára hefði verið enn meiri ef ekki hefði komið til umtalsverð fækkun beinna útsendinga í Pepsi-deild karla milli ára, úr 32 í 25.

Pepsi-deild karla

Ár	Beinar úts.
2011	25
2010	32
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18
2002	19

Stöð 2 sport sýndi beint frá alls 6 leikjum í Valitor-bikar karla, jafn mörgum og árinu áður. Einn leikur var sýndur frá 32-liða, 16-liða og 8-liða úrslitum, báðir undanúrslitaleikirnir og svo auðvitað sjálfur úrslitaleikurinn. RÚV sýndi úrslitaleikinn í Valitor-bikar kvenna í beinni útsendingu og Sport TV sýndi annan undanúrslitaleikinn beint í vefútsendingu. Sport TV kom einnig sterkt inn með beinar vefútsendingar frá leikjum í Pepsi-deild kvenna og sýndi alls 23 leiki. Ekki einn einasti leikur í Pepsi-deild kvenna var sýndur

beint keppnistímabilin á undan, þannig að innkoma Sport TV gjörbreytti þeirri stöðu.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna. Úrslit fyrir 2011 voru kunngerð í móttöku í höfuðstöðvum KSÍ. Bestu leikmennirnir komu úr röðum Íslandsmeistaranna, KR og Stjörnunna.

Þau Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir úr Stjörnunni og Hannes Þór Halldórsson markvörður úr KR voru valin bestu leikmenn Pepsi-deildanna. Efnilegustu leikmennirnir voru valin þau Hildur Antonsdóttir úr Val og Þórarinn Ingi Valdimarsson úr ÍBV.

ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ kaus Rúnar Kristinsson þjálfara ársins í Pepsi-deild karla, en hann stýrði liði KR til 25. Íslandsmeistaratitils félagsins í meistaraflokki karla. Valnefndin valdi Þorlák Árnason þjálfara ársins í Pepsi-deild kvenna, en hann var við stjórnvölinn hjá Stjörnunni, sem vann Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn.

STJÖRNULEIKMENN MARKAHÆSTIR

Það voru leikmenn Stjörnunna sem reyndust mestu markaskorararnir í báðum Pepsi-deildunum og í báðum tilfellum var um mikinn áfanga að ræða. Garðar Jóhannsson varð fyrsti Stjörnumaðurinn frá upphafi til

að verða markahæstur í efstu deild karla, og Ashley Bares úr Íslandsmeistaraliði Stjörnunnar varð markadrottning Pepsi-deildar kvenna, fyrst allra erlendra leikmanna.

Garðar var afar drjúgur fyrir Stjörnuna í sumar, sérstaklega í seinni hlutanum og átti stóran þátt í árangri liðsins, sem hefur aldrei áður endað jafn ofarlega í deildarkeppni. Garðar skoraði 15 mörk, tveimur fleiri en FH-ingurinn Atli Viðar Björnsson sem kom næstur. Atli Viðar var þar með á meðal þriggja markahæstu manna deildarinnar þriðja árið í röð. Þriðji markahæstur var svo Kjartan Henry Finnbogason úr liði Íslandsmeistara KR með 12 mörk.

Ashley Bares hafði nokkra yfirburði yfir næstu markaskorara og gerði hún 21 mark. Það voru ekki mörg mörk á milli þeirra sem á eftir komu, en Kristín Ýr Bjarnadóttir úr Val og Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoruðu þó fleiri mörk en hinar, 14 talsins.

ERLENDUR OG VALDIMAR BESTU DÓMARARNIR

Erlendur Eiríksson var kjörinn besti dómari í Pepsi-deild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 18. sinn. Þetta er í fyrsta skipti sem Erlendur hlýtur þessa viðurkenningu. Leikmenn í Pepsi-deild kvenna völdu Valdimar Pálsson besta dómara í Pepsi-deild kvenna, en þetta er í annað sinn sem slík kosning fer fram.

LIÐ ÁRSINS

Valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ stóð að vali á liðum ársins í Pepsi-

deildum karla og kvenna og voru þau þannig skipuð:

Karlalið ársins

Hannes Þór Halldórsson (M)	KR
Baldur Sigurðsson	KR
Bjarni Guðjónsson	KR
Daníel Laxdal	Stjarnan
Garðar Jóhannsson	Stjarnan
Guðmundur R. Gunnarsson	KR
Halldór Orri Björnsson	Stjarnan
Kjartan Henry Finnbogason	KR
Matthías Vilhjálmsson	FH
Skúli Jón Friðgeirsson	KR
Tryggvi Guðmundsson	ÍBV

Kvennalið ársins

Birna Berg Haraldsdóttir (M)	ÍBV
Anna Björk Kristjánsdóttir	Stjarnan
Ashley Bares	Stjarnan
Elísa Viðarsdóttir	ÍBV
Fannfís Friðriksdóttir	Breiðablik
Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir	Stjarnan
Hallbera Guðný Gísladóttir	Valur
Laufey Ólafsdóttir	Valur
Manya Makoski	Þór/KA
Málfríður E. Sigurðardóttir	Valur
Mist Edvardsdóttir	Valur

STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Pepsi veitti sérstök verðlaun til stuðningsmanna liða í Pepsi-deildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Það voru stuðningsmenn Íslandsmeistaranna sem hlutu viðurkenninguna í báðum deildum, stuðningsmenn KR í karladeildinni og Stjörnunnar í kvennadeildinni.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN KSÍ OG BORGUNAR

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Borgunar voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu prúðust á undangengnu tímabili. Sérstök háttvísinefnd KSÍ stendur að valinu.

Prúðasta félagið í Pepsi-deild kvenna var ÍBV, en það merkilega gerðist í Pepsi-deild karla að tvö félög voru jöfn og prúðust, Valur og ÍBV. Það var því greinilegt að bæði karla- og kvennalið Eyjammanna komu til leiks með jákvæðu hugarfari. Viðurkenningu fyrir heiðarlegu framkomu einstaklinga fengu þau Laufey Ólafsdóttir úr Val og Daníel Laxdal úr Stjörnuni. Allir þessir aðilar fengu viðurkenningu frá Borgun og KSÍ.

MÖRKUNUM FÆKKAR Í PEPSI-DEILDUNUM

Mörkum í Pepsi-deild karla hefur fækkað síðustu tvö árin. Keppnistímabilið 2009 var reyndar einstakt, enda skoruð 3,42 mörk að meðaltali í leik. Tímabilið 2010 voru mörkin 3,33 að meðaltali, alls 439 talsins í leikjunum 132. Sumarið 2011 var alls skorað 401 mark, eða 3,03 í hverjum leik að meðaltali. Þetta er lægra meðaltal en árið 2008, þegar voru skoruð 412 mörk í 132 leikjum eða að meðaltali 3,12 mörk í leik, og höfðu þá reyndar ekki verið skoruð fleiri mörk að meðaltali í efstu deild karla síðan 1995.

Mörkunum fækkaði einnig enn milli ára í Pepsi-deild kvenna og hefur þeim nú fækkað stöðugt síðan 2006. Síðastliðið sumar voru skoruð alls 323 mörk í leikjunum 90, eða 3,59 að meðaltali. Árið 2006 var meðaltalið hins vegar 6,2 mörk í leik. Sjá má þróunina í töflunni hér að neðan. Að öllu jöfnu þætti það neikvætt þegar mörkum fækkar, en þessi þróun sýnir líklega að fleiri leikir eru jafnir og spennandi í Pepsi-deild kvenna, sem er auðvitað afar jákvæð þróun.

Meðaltal marka í Pepsi-deild kvenna

Ár	Meðaltal
2011	3,6
2010	3,9
2009	4,1
2008	4,5
2007	5,8
2006	6,2

**LANDSFJÓRÐUNGARNIR
Á UPPLEIÐ**

Það er áhugavert að skoða hvaðan liðin sem fara upp um landsdeildir á árinu koma. Liðin fjögur koma öll úr sitt hvorum landsfjórðungnum – Vesturlandi, Suðurlandi, Norðurlandi og Austurlandi.

Í 1. deild voru tvö lið í efstu sætunum allt sumarið, ÍA og Selfoss, og þau luku jafnframt keppni í þessum tveimur efstu sætum og tryggðu sér þar með sæti í Pepsi-deildinni 2012. Skagamenn, sem hafa hampað Íslandsmeistaratitlinum 18 sinnum, snúa aftur í efstu deild eftir nokkurra ára fjarveru. Selfyssingar, sem léku í fyrsta sinn í efstu deild árið 2010, koma strax aftur upp. HK átti erfitt uppdráttar, vermdi botnsætið lengsta af og féll í 2. deild, ásamt Gróttu, sem hafði sætaskipti við Leikni í lokaumferðinni eftir mikla dramatík.

Lokastaðan í 1. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
ÍA	22	16	3	3	53	- 17	36 51
Selfoss	22	15	2	5	44	- 22	22 47
Haukar	22	10	6	6	33	- 23	10 36
Víkingur Ó.	22	10	4	8	35	- 26	9 34
Fjölnir	22	8	8	6	34	- 38	-4 32
BÍ/Bol.	22	9	4	9	27	- 37	-10 31
Próttur R.	22	9	3	10	34	- 45	-11 30
KA	22	9	2	11	32	- 40	-8 29
ÍR	22	6	4	12	27	- 42	-15 22
Leiknir R.	22	5	5	12	31	- 32	-1 20
Gróttu	22	4	8	10	16	- 29	-13 20
HK	22	3	7	12	23	- 38	-15 16

Menn trúðu varla sínum eigin augum þegar lítið var á stigatöflu 2. deildar lengst af sumri, því stigamunur á efstu liðum og þeim sem voru nærri botninum var ótrúlega lítill. Þegar leið á mótið var með sanni hægt að segja að 8-9 lið hafi verið að berjast um þessi tvö efstu sæti. Ótrúlegt, en jafnframt afar spennandi. Það fór svo að lokum að sameiginlegt lið Tindastóls og Hvatar fékk flest stig og á hæla þeirra komu liðsmenn Hattar frá Egilsstöðum. Njarðvík, Afturelding og Dalvík/Reynir veittu þeim harða keppni allt til loka. Höttur hefur aldrei áður leikið í næst efstu deild og Tindastóll kom upp úr 3. deild 2010 og stökk því upp um tvær deildir á tveimur árum. Hvöt hefur aldrei leikið í næst efstu deild. Árborg og ÍH höfnuðu í tveimur neðstu sætunum og féllu því í 3. deild.

Lokastaðan í 2. deild karla

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
Tindast/Hv.	22	13	3	6	49	- 36	13 42
Höttur	22	12	5	5	48	- 31	17 41
Njarðvík	22	11	6	5	63	- 44	19 39
Afturelding	22	12	3	7	48	- 32	16 39
Dalv/Reyn.	22	12	2	8	50	- 51	-1 38
KF	22	9	7	6	48	- 35	13 34
Fjarðab.	22	10	4	8	33	- 36	-3 34
Reynir S.	22	10	2	10	61	- 57	4 32
Hamar	22	9	3	10	40	- 41	-1 30
Völsungur	22	8	2	12	54	- 56	-2 26
Árborg	22	2	5	15	20	- 54	-34 11
ÍH	22	2	2	18	30	- 71	-41 8

Undanúrslitaviðureignir 3. deildar karla voru ekki alveg jafn spennandi, þar sem öruggur sigur vannst í annarri þeirra, en munurinn gat varla verið minni í hinni. Vesturbæjarlið úr Reykjavík KV lagði Magna frá Grenivík 7-1 í fyrri leik liðanna og var því nokkuð öruggt áfram fyrir seinni leikinn, sem fór 3-3. KB úr Efra-Breiðholti og KFR úr Rangárvallasýslu gerðu hins vegar tvö jafntefli í æsispennandi leikjum. Fyrri leiknum, sem fram fór á Hvolsvelli lauk með 1-1 jafntefli,

og þeim síðari lauk sömuleiðis með jafntefli, að þessu sinni 2-2, og því voru það liðsmenn KFR sem fóru áfram á fleiri mörkum skorudum á útivelli. KV og KFR mættust síðan í úrslitaleik þar sem KV hafði betur 2-1, en bæði lið höfðu þó tryggt sér 2. deildarsætið að ári.

Í undanúrslitum 1. deildar kvenna mættust Hafnarfjarðarliðin Haukar og FH annars vegar og hins vegar Keflavík og Selfoss. Viðureign Hauka og FH varð í raun aldrei spennandi, enda vann FH 8-1 sigur á Ásvöllum í fyrri leiknum og fylgdi því eftir með 6-0 sigri í Krikanum. Keflavík vann 3-2 sigur í fyrri leiknum við Selfoss og allt leit út fyrir spennandi seinni leik. Keflvíkingar sáu hins vegar aldrei til sólar í 6-1 sigri Selfyssinga og því ljóst að FH og Selfoss væru komin upp í Pepsi-deildina. Í úrslitaleik 1. deildarinnar vann svo FH sannfærandi 6-2 sigur á Selfossi, í leik sem fram fór á Kaplakrikavelli.

**LANDSLIÐSVERKEFNI
HÖFÐU ÁHRIF Á MÓTAMÁL**

Þátttaka U21 landsliðs karla í lokakeppni EM hafði veruleg áhrif á niðurröðun leikja í Íslandsmóti og bikarkeppni meistaraflokks karla. Byrja þurfti þessi mót mun fyrr en áður hefur verið gert og gera hálfsmánaðar hlé um miðjan júní á meðan lokakeppnin fór fram. Forkeppni Valitor-bikarsins hófst 30. apríl og Pepsi-deild karla hófst 2. maí.

Vegna verkefna A og U19 landsliða kvenna þurfti að ljúka keppni í Pepsi-deild kvenna eilítið fyrr en venjulega og fór síðasta umferð mótsins því fram 10. september.

**ÍSLANDSMÓT
YNGRI FLOKKA**

Á árinu tóku 919 lið aðildarfélag KSÍ þátt í mótum yngri flokka. Er þetta fjölgun um 4 lið frá því í fyrra sem var mesti fjöldi liða hingað til og var fjölgunin milli ára þá 79 lið. Sýnir þetta glögg hve starf félaganna er stöðugt að aukast.

**ENN FJÖLGAR LEIKJUM
Í MÓTUM Á VEGUM KSÍ**

Líkt og undanfarin ár heldur leikjum áfram að fjölga og munar þar mestu að leikjum Íslandsmóts meistaraflokks karla fjölgaði um 58. Reyndar fækkaði Futsal-leikjum verulega á árinu og voru alls 295 í stað 350 árið 2010. Leikir árið 2011 (allir flokkar og öll mót) voru alls 5.542 talsins og er það fjölgun um 30 leiki milli ára. Þess má geta að fjölgun leikja milli áranna 2009 og 2010 var upp á rúmlega 400 leiki. Fjölgun leikja síðustu árin er í raun ótrúleg. Til glöggvunar má nefna að árið 2000 var heildarfjöldi leikja 3.753.

SKRÁNING ÚRSLITA

Skráningarkerfi KSÍ tekur með einföldum og skjótum hætti á móti SMS-skeytum með stöðu og úrslitum leikja og leikskýrslur má skrá í gagnagrunn KSÍ í gegnum vefinn - www.ksi.is. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á vef KSÍ og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila.

SMS-ÞJÓNUSTA Á VEFNUM

Nú hefur í nokkur ár verið boðið upp á SMS-úrslitaþjónustu í gegnum vef KSÍ. Hægt er að fá úrslit úr einstökum leikjum í tilteknu móti með einföldum hætti. SMS-þjónustan nær til allra aldursflokka og allra móta KSÍ, hvort sem um er að ræða leiki í Pepsi-deild eða yngri flokkum.

**LEIKSKÝRSLUR Á
VEFINN FYRIR LEIK**

Nýtt vinnulag var tekið upp við vinnslu og skil á leikskýrslum fyrir leiki í mótum 11 manna bolta. Í öllum flokkum skráir nú hvort lið um sig leikskýrsluna beint í mótakerfi KSÍ í gegnum aðgang sinn að ksi.is. Nýja formið gerir útfyllingu leikskýrslu einfaldari og í raun er hið handskrifada form, sem notast hefur verið við, óþarft.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast að venju skipulagningu umfangsmikilla móta KRR (Knattspyrnuráðs Rvk.) og Faxaflóamóta. Leikjum hélt áfram að fækka í mótum á vegum KRR og var staðan þannig í fyrsta skipti að í Faxaflóamótunum eru leiknir fleiri leikir en í KRR-mótunum. Skýrist það einkum af því að Jólámót og Grunnskólámót KRR eru að verða minni að umsvifum með hverju árinu því svo virðist sem aðhaldsaðgerðir í skólamálu bitni á þátttöku liða í Grunnskólámótum KRR, ásamt því að 2. flokkur kvenna hefur verið sameinaður mótahaldi Faxaflóamótanna og telja leikirnir sem Faxaflóaleikir. Fjölgun leikja í Faxaflóamóti skýrist líka af fjölgun leikja í 6. og 7. fl. Einnig var leikin tvöföld umferð í 2. fl. karla í stað einnar umferðar áður.

**SIGURVEGARAR Í MÓTUM
MEISTARAFLOKKA**

Íslandsmeistarar karla

25 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	FH, Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	Breiðablik, KA

Bikarmeistarar karla

12 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	FH, Fylkir
1 sinni	Breiðablik, ÍBA, Víkingur R.

Íslandsmeistarar kvenna

15 sinnum	Breiðablik
10 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Ármann, Stjarnan

Bikarmeistarar kvenna

13 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA, KR
1 sinni	ÍBV



SAMNINGAR OG FÉLAGASKIPTI

VEL Á ÞRIÐJA HUNDRAD ERLENDIR LEIKMENN

Umtalsverð fjölgun erlendra leikmanna átti sér stað hjá íslenskum félagsliðum á síðasta ári. Þegar litið er til heildarfjölda erlendra leikmanna í deildarkeppni Íslandsmóts meistara-flokka karla og kvenna er heildarfjöldun um 57 leikmenn og er heildarfjöldinn því kominn vel á þriðja hundraðið. Hafa skal í huga að hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Ár	Fjöldi
2011	222
2010	165
2009	150
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Ef litið er yfir allar deildirnar er fækkun í 2. deild karla, en fjölgun í öllum hinum. Mesta fjölgunin er í 3. deild karla og er meginskýringin sú að félagið Stál-Úlfur hóf þátttöku sína í Íslandsmóttinu, en það lið tefldi nær eingöngu fram leikmönnum af erlendum uppruna og af þeim 32 leikmönnum liðsins sem tóku þátt í leikjum þess í 3. deildinni voru 25 ekki með íslenskt ríkisfang. Þá tefldi Afríka fram 20 erlendum leikmönnum í 3. deildinni og því má sjá að þessi tvö lið eiga 45 af 79 erlendum leikmönnum í þeirri deild.

Deild	Fjöldi 2011	Fjöldi 2010	Fjöldi 2009
PD karla	44	34	36
1. deild karla	37	30	27
2. deild karla	14	21	17
3. deild karla	79	46	39
PD kvenna	37	28	23
1. deild kv.	11	6	8

Alls voru 26 af 36 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 17 félaga í 3. deild. Fylkir var eina félagið í Pepsi-deild karla sem notaði engan erlendan leikmann, þrjú félög í 1. deild karla notuðu engan erlendan leikmann, og 6 félög, helmingur liða í 2. deild karla, var ekki með neinn erlendan leikmann. Í Pepsi-deild karla voru flestir erlendir leikmenn hjá ÍBV, 9 talsins, og 8 erlendir leikmenn voru á mála hjá Grindavík. Breiðablik var eina félagið í Pepsi-deild kvenna sem notaði engan erlendan leikmann, en flestir erlendir leikmenn voru hjá Þór/KA, eða 6. Fjögur félög í Pepsi-deild kvenna voru með 5 erlenda leikmenn. Fimm félög í 1. deild kvenna voru með erlenda leikmenn.

SVEIFLUR Í FJÖLDA SKRÁÐRA SAMNINGA

Nokkrar sveiflur hafa verið í fjölda skráðra samninga milli ára hjá félögum í Pepsi-deild karla. Fjöldi skráðra samninga 2011 voru 232, árið það á undan 203 samningar, og svipuð sveifla nær næstu ár aftur í tímann; 236 samningar 2009 og 198 árið 2008. Fjöldi leikmannssamninga er annars nokkuð svipaður milli ára, þar sem fækkun slíkra samninga í 1. deild karla vegur upp á móti fjölgun í Pepsi-deild. Sambandssamningum fækkar verulega milli ára og er þar fyrst og fremst mikil fækkun í 2. deild karla (úr 98 í 64) og 1. deild kvenna (úr 115 í 91).

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Ólíkt síðustu árum þá voru flest mál sem komu inn á borð nefndarinnar tengt undanþágum vegna félagaskipta. Líkt og áður var einnig nokkuð um að leikmenn leituðu aðstoðar KSÍ við innheimtu útistandandi launa. Annars var tiltölulega rólegt hjá nefndinni þetta árið. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

Stefán Karl Kristjánsson hafði lokið umboðsmannaprófinu en starfaði sem þjálfari hjá KR og því óskaði hann eftir undanþágu til þess að innleysa réttindi sín. Nefndin synjaði erindinu.

Valur óskaði eftir undanþágu fyrir félagaskipti utan félagskiptatímabils fyrir Þórð Steinar Hreiðarsson en hann var skráður leikmaður HB í Færeyjum. Nefndin synjaði erindinu þar sem ekki þótti sýnt fram á sérstakar eða óvenjulegar aðstæður sem gæfu tilefni til þess að beita ákvæði reglugerðarinnar um undanþágu.

Grindavík óskaði eftir undanþágu fyrir félagaskipti utan félagskiptatímabils fyrir Jósef Jósefsson, sem var hjá búlgörsku félagi. Málið fór til FIFA, sem staðfesti að búlgarska sambandinu væri óheimilt að synja staðfestingu félagskiptanna. Nefndin samþykkti ósk Grindavíkur þar sem sýnt hafði verið fram á að um hafi verið að ræða sérstakar og óvenjulegar aðstæður sem umrætt ákvæði reglugerðarinnar er ætlað að taka á.

Stjarnan áfrýjaði ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ um að hafna beiðni um undanþágu

félagaskipta vegna markvarðar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að umræddu undanþáguákvæði verði ekki beitt nema við mjög sérstakar aðstæður og að meiðsli eins leikmanns geti ekki flokkast þar undir. Nefndin staðfesti því ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ.

Stjarnan óskaði eftir undanþágu fyrir félagaskipti utan félagaskiptatímabils fyrir Söndru Sigurðardóttur, sem var skráð í sænskt félag. Sænska knattspyrnusambandið hafði hafnað að staðfesta félagaskiptin þar sem Sandra var samningsbundin sænska félaginu. Málið fór til FIFA sem gaf svo út að synjun sænska sambandsins hafi verið ólöglegt og KSÍ væri heimilt að afgreiða félagaskiptin. Nefndin samþykkti ósk Stjórnunnar þar sem sýnt hafði verið fram á að um hafi væri að ræða sérstakar og óvenjulegar aðstæður.

Leikmaðurinn Þorvaldur Sveinn Sveinsson óskaði aðstoðar KSÍ vegna óuppgerðra greiðslna vegna leikmannssamnings hans við Víking R. Nefndin hafnaði einum hluta af kröfu Þorvaldar en féllst á kröfur hans að öðru leyti. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu.

FJÖLDI FÉLAGASKIPTA TVÖFALDAST Á 10 ÁRUM

Fjöldi félagaskipta á árinu 2011 var 2.206 sem er fjölgun um rúmlega 200 frá fyrra ári og hefur félagaskiptum fjölgað stöðugt ár frá ári. Því til stuðnings má nefna að árið 2002 voru félagaskiptin „aðeins“ 1.078, þannig að fjöldinn hefur tvöfaldast á þessum 10 árum.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Tveir einstaklingar þreyttu umboðsmannapróf og stóðust það báðir. Þeir hófu báðir störf á árinu og voru því níu íslenskir umboðsmenn starfandi. Aðeins 5 umboðsmannasamningar (samningar leikmanna við umboðsmann) frá tveimur umboðsmönnum (íslenskum og erlendum) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Þann 31. desember 2011 var 21 gildur umboðsmannasamningar á skrá hjá KSÍ og er það fækkun um 22 samninga frá árinu 2010.

KSÍ umboðsmenn

- Arnór Guðjohnsen
- Guðlaugur Þór Tómasson
- Gylfi Sigurðsson
- Hafþór Hafliðason
- Halldór Birgir Bergþórsson
- Magnús Agnar Magnússon
- Ólafur Garðarsson
- Stefán Karl Kristjánsson
- Unnar Steinn Bjarndal



DÓMARAMÁL

LANDSDÓMARAHÓPUR

Í gegnum tíðina hafa landsdómarar verið flokkaðir í ABC hópa. Horfið var frá þessu fyrirkomulagi í ár og telst landsdómarahópurinn nú vera einn hópur, sem auðveldar og einfaldar alla niðurröðun. Nýir landsdómarar árið 2011 voru Bryngeir Valdimarsson, Einar Ingi Jóhannsson, Ívar Orri Kristjánsson, Óli Njáll Ingólfsson, Snorri Páll Einarsson og Sveinn Þórður Þórðarson. Kröfur til landsdómara hafa aukist til mikilla muna því auk þess sem frammistaðan á vellinum er

metin þá eru stöðugt gerðar strangari kröfur til landsdómara um æfingasókn og líkamlegt atgervi.

Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum á árinu: Bryndís Sigurðardóttir, Einar Örn Daníelsson, Guðmundur Valgeirsson, Ingi Fannar Eiríksson, Jovana Cosic, Jóhannes Valgeirsson, Kristján Sigurðsson, Marína Ósk Þórólfsdóttir, Ólafur Ingvar Guðfinnsson, Ólafur Kjartansson og Tomasz Jacek Napierajczyk.

MIKIL AUKNING STARFA

Mikil aukning hefur verið í fjölda starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara. Frá árinu 2006 til 2011 er aukningin 62,5%. Fjölgun skýrist aðallega á því að frá árinu 2009 hefur KSÍ tekið að sér að manna aðstoðardómgæslu í 3. deild karla og 1. deild kvenna í auknum mæli. Einnig hefur komið til aukin dómgæsla í 2. flokki.

ÍSLENSKIR DÓMARAR AFTUR Á CORE NÁMSKEIÐI Í SVISS

CORE verkefnið (Centre of Refereeing Excellence) er námskeið á vegum UEFA fyrir unga og efnilega dómara í Evrópu. Íslandi býðst að senda einn dómara og tvo aðstoðardóma á námskeiðið á hverju ári. Gunnar Jarl Jónsson, Gylfi Már Sigurðsson og Birkir Sigurðarson luku námskeiðinu í júní. Nýir þátttakendur af hálfu Íslands eru Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, Andri Vigfússon og Ásgeir Þór Ásgeirsson. Þá starfaði Ingvar Guðfinnsson, þrekþjálfari dómara og faglegur þjálfari aðstoðardómara, einnig við verkefnið fyrir hönd UEFA sem þrek- og aðstoðardómarathjálfari.

ÆFINGAR DÓMARA – BREYTTAR ÁHERSLUR

KSÍ og HR gerðu með sér samstarfsamning árið 2009 sem fól í sér að HR sá um æfingar og þrekmælingar dómara, auk þess sem skólinn kom með efni inn á landsdómararáðstefnur. UEFA er að breyta töluvert áherslum í sambandi við æfingar dómara, t.a.m með því að brydda upp á keppnislíkum æfingum á velli í ríkari mæli en áður. UEFA fer fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr þrekþjálfun og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum. Þetta hefur leitt af sér breytingar á samstarfinu við HR. Háskólinn í Reykjavík mun áfram sjá um sérverkefni eins og þrekmælingar, bjóða upp á efni á ráðstefnur og sálfræðivinnu með FIFA hópnum svo eitthvað sé nefnt.

LANDSDÓMARAFUNDIR OG FRÆDSLUFUNDIR

Þrjár landsdómararáðstefnur voru haldnar á árinu þ.e. í mars, apríl og nóvember, auk tveggja sumarfunda með A dómurum í maí og júní. Á aprílráðstefnunni var Valentin Ivanov aðalfyrirlesari, en auk fyrirlestra bauð hann upp á verklega æfingu fyrir aðstoðardómara í Egilshöll. Ivanov er einn af kennurum á svokölluðum RAP námskeiðum FIFA/UEFA og þykir mjög fær á sínu sviði þannig að innlegg hans í ráðstefnuna var í mjög háum gæðaflokki.

NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómaraskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu

dómara. Í ár sendi Ísland í fyrsta sinn einn aðstoðardómara með dómaranum í leikina. Fulltrúar Íslands voru Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, dómari, og Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðstoðardómari, sem dæmdu leik FC Espoo og KPV í Finnlandi. Gunnar Jarl Jónsson, dómari, og Andri Þór Vigfússon, aðstoðardómari, dæmdu leik Qviding og Angelholm í Svíþjóð. Guðrún Fema Ólafsdóttir, dómari, og Rúna Kristín Stefánsdóttir, aðstoðardómari, dæmdu leik Stabæk og Klepp í Noregi. Þetta er í fyrsta sinn sem konur frá Íslandi taka þátt í norrænu dómaraskiptunum. Til Íslands komu Benjamin Svedberg og Christian Brixten frá Danmörku og dæmdu leik ÍR og ÍA og Matko Grönholm og Mika Lamppu frá Finnlandi og dæmdu leik Selfoss og Þróttar.

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALPJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu fjölmarga leiki í UEFA-mótum félagsliða og landsliða á árinu. Alpjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2011 koma fram í fylgiskýrslu.

MILLIRÍKJADÓMARAR 2011

Gylfi Már Sigurðsson kom nýr inn á lista FIFA yfir milliríkjadómara í ársbyrjun 2011. Annars leit FIFA-listinn þannig út:

FIFA-dómarar:
Kristinn Jakobsson
Magnús Þórisson
Þorvaldur Árnason
Þóroddur Hjaltalín

FIFA-aðstoðardómarar:
Áskell Þór Gíslason
Frosti Viðar Gunnarsson
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Gylfi Már Sigurðsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Oddbergur Eiríksson
Sigurður Óli Þórleifsson

FIFA-Futsal-dómari:
Andri Vigfússon

EFTIRLITSMENN

Alls störfuðu 48 eftirlitsmenn við 486 leiki í landsdeildum og bikarkeppnum árið 2011. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara, auk skýrslna um háttvísi í Pepsi-deild karla. Eftirlitsmenn voru flokkaðir í fyrsta sinn á Íslandi, en með því er verið að uppfylla kröfur Dómarasáttmála UEFA sem leggur þær skyldur á herðar aðildarlandanna að eftirlitsmennirnir séu hæfisflokkad.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Á árinu voru haldin um 30 unglíngadómaranámskeið víðs vegar um landið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Á unglíngadómaranámskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðuð með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögunum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan héraðsdómaranámskeið, en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum. Þá buðu Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskóli Norðurlands Vestra og Kennaraháskóli Íslands upp á unglínga-

dómaranámskeið sem valfag. Á árinu 2011 útskrifuðust 452 nýir unglíngadómarar. Sérstakt héraðsdómaranámskeið var haldið eingöngu fyrir konur. Alls voru 46 nýir héraðsdómarar útskrifaðir á árinu. Virkum dómurum hefur fjölgað um 43% milli áranna 2006 og 2011.

VERÐLAUN TIL FÉLAGA SEM SINNA DÓMARAMÁLUM VEL

Grasrótin í dómaramálum er hjá félögunum. Ákveðið hefur verið að verðlauna þau félög sem þykja sinna grasrótinni vel. Með þátttökutillkynningunni fyrir árið 2012 var send könnun sem á að gefa mynd af því hvernig viðkomandi félag er að sinna dómaramálunum.

.....

LANDSLIÐSMÁL

A LANDSLIÐ KARLA

Ólafur Jóhannesson stjórnaði A-landsliði karla á árinu, en hann tók við þjálfun þess haustið 2007. Samningur hans rann út í árslok og var ekki endurnýjaður. Landsliðið lék á árinu 6 leiki, fimm í undankeppni EM 2012 og einn vináttulandsleik. Sigur vannst í einum leik og jafntefli varð í öðrum en fjórir leikir töpuðust.

Undankeppni EM 2012 hélt áfram á árinu og fyrsti leikurinn var í mars gegn Kypverjum ytra. Lauk leiknum með markalausum jafntefli þar sem Stefán Logi varði m.a. vítaspyrnu frá heimamönnum. Bæði lið áttu sín færi en jafntefli niðurstaðan.

Danir komu í heimsókn í Laugar- dalinn í júníbyrjun og fóru þaðan með 3 stig. Eftir markalausum fyrri hálfleik skorðu Danir eftir klukkutíma leik og aftur 5 mínútum síðar og unnu 2-0 sigur.

Í september voru tveir leikir á dagskrá. Fyrst var leikið við Norðmenn í Osló og unnu heima- menn 1-0 með marki úr vítaspyrnu á 88. mínútu. Leikurinn var annars jafn og færin skiptust nokkuð jafnt á milli liða, en í annað skiptið á útivelli í þessari undankeppni fékk liðið á sig mark undir leiks og tapaði 1-0 eftir annars góða frammistöðu.

Kypverjar mættu í Laugardalinn fjórum dögum síðar og þá vann íslenska liðið sinn fyrsta sigur í þessari undankeppni 1-0. Það var Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði snemma leiks og þar við sat, þrátt fyrir ágætar tilraunir beggia liða.

Lokaleikur íslenska liðsins var svo gegn Portúgölum ytra og var leikið í Porto. Heimamenn skorðu þrjú mörk í fyrri hálfleik, en tvö mörk með stuttu millibili frá Hallgrími Jónassyni löguðu stöðuna í síðari hálfleik. Það fór nokkuð um Portúgalana þegar þarna var komið við sögu og þögn sló á áhorfendur. Heimamenn svöruðu þó með tveimur mörkum og það var svo Gylfi Þór Sigurðsson sem átti síðasta orðið þegar hann minnkaði muninn úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Lokatölur þessa hörkuleiks urðu því 5-3 fyrir Portúgal.

Niðurstaðan í riðlinum var sú að Danir urðu efstir og tryggðu sér þátttökurétt í lokakeppninni í Póllandi og Úkraínu. Portúgalar og Norðmenn urðu jafnir í 2.-3. sæti með 16 stig, en Portúgal fór í umspil um sæti á EM vegna betri árangurs í innbyrðisviðureignum.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Danmörk	8	6	1	1	15-6	9	19
2 Portúgal	8	5	1	2	21-12	9	16
3 Noregur	8	5	1	2	10-7	3	16
4 Ísland	8	1	1	6	6-14	-8	4
5 Kypur	8	0	2	6	7-20	-13	2

Eini vináttulandsleikur ársins var leikinn í ágúst í Búdapest. Ungverjar unnu þar öruggan 4-0 sigur.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Eyjólfur Sverrisson var áfram við stjórnvölinn hjá U21 landsliði karla. Liðið lék tvo vináttulandsleiki á árinu í undirbúningi fyrir úrslitakeppni EM í Danmörku, og þrjá leiki í úrslitakeppninni sjálfri. Þá voru leiknir fjórir leikir í undankeppni EM 2013, sem hófst um haustið, þar af þrír heimaleikir.

Leiknir voru tveir vináttuleikir á árinu, báðir í mars. Fyrri leikurinn var gegn Úkraínu 24. mars á Valeriy Lobanovskyy vellinum í Kiev. Sá leikur tapaðist 2-3 og þótt íslenska liðið hafi sótt stíft síðustu mínúturnar tókst ekki að jafna. Seinni leikurinn var gegn Englandi 28. mars, en leikið var á Deepdale, heimavelli Preston. Ísland stillti upp nokkuð breyttu liði frá landsleiknum við Úkraínu, því inn í liðið komu fjórir leikmenn sem höfðu verið í verkefni með A-liðinu á Kypur og einn leikmaður kom inn í hópinn úr meiðslum. Leikurinn gegn Englandi vannst 2-1 eftir að Englendingar höfðu komist yfir snemma leiks. Íslenska liðið jafnaði metin skömmu fyrir hlé og skoraði svo eina mark síðari hálfleiks um hann miðjan.

Fyrrnefndir vináttulandsleikir voru liðir í undirbúningi liðsins fyrir úrslitakeppni EM, sem fram

fór í Danmörku í júní. Þar lék Ísland í riðli með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi.

Fyrsti leikur liðsins, gegn Hvít-Rússum, fór fram í Árósum 11. júní og tapaðist 0-2 eftir að jafnt hafði verið í hálfleik. Vendingpunktur leiksins var á 76. mínútu þegar vítaspyrna var dæmd á Ísland og Aroni Einari Gunnarsyni vikið af velli. Hvít-Rússar skorðu úr vítaspyrnunni og annað mark þeirra 10 mínútum síðar, eftir skyndisókn, gerði út um leikinn.

Næsti leikur var 14. júní gegn Sviss, sem var fyrirfram talið sigurstranglegasta liðið í riðlinum. Svisslendingar voru mun sterkari í fyrri hálfleik, skorðu tvö mörk og hefðu í raun getað skorað fleiri. Mun meira jafnræði var með liðunum í seinni hálfleik, varnir liðanna voru þéttar og ekkert mark skorað. Ísland hafði því tapað fyrstu tveimur leikjum sínum á mótinu með sömu markatölu, og ekki skorað mark, þrátt fyrir að hafa verið markahæsta liðið í undankeppninni fyrir mótið.

Staðan í riðlinum eftir tvo leiki var þannig að Sviss var með 6 stig, Hvíta-Rússland 3 stig, Danmörk 3 stig og Ísland 0 stig. Það var því ljóst fyrir leikinn gegn Dönnum að möguleikar Íslands væru litlir, en þó til staðar. Möguleikarnir fólust í því að Sviss myndi vinna Hvíta-Rússland. Ísland þurfti þá að vinna Dani með a.m.k. þremur mörkum og skora 4 mörk eða fleiri (4-1 sigur Íslands hefði því dugað, að því gefnu að Sviss ynni Hvíta Rússland). Ef Sviss myndi vinna Hvíta-Rússland með þremur mörkum eða meiri mun, myndi 3-0 sigur líka duga Íslandi til að komast áfram. Dönnum dugði sigur í leiknum gegn Íslandi ef

Sviss myndi vinna Hvíta-Rússland.

Ljóst var frá fyrstu mínútu leiksins gegn Dönnum að bæði lið ætluðu sér sigur. Danir sóttu meira til að byrja með en Ísland fékk besta færið þegar markvörður Dana náði á ótrúlegan hátt að slá boltann yfir markið. Kolbeinn Sigbórsson braut svo ísinn á 58. mínútu og Birkir Bjarnason bætti öðru marki við tveimur mínútum síðar. Ísland komið í tveggja marka forystu og menn farnir að eygja von. Bæði lið bættu nú öllu sínu í sóknarleikinn og fengu fín færi þangað til Danir minnkuðu muninn á 81. mínútu. Ísland sótti áfram, enda lá það fyrir eins og staðan var þá í leik Sviss og Hvíta-Rússlands að Ísland yrði að skora fjögur mörk. Hirti Loga Valgarðsyni tókst að skora stórglæsilegt mark þegar tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma, en þar við sat. Lokatölur 3-1 fyrir Ísland í stórskemmtilegum og æsispennandi knattspyrnuleik.

Sviss vann Hvíta-Rússland 3-0 og þau úrslit gerðu það að verkum að Íslandi hefði dugað að vinna Dani 3-0. Báðir leikir voru þó auðvitað leiknir á sama tíma og Sviss skoraði á síðustu sekúndum leiksins svo allt fram að því þurfti Ísland að skora a.m.k. fjögur mörk og vinna með a.m.k. þriggja marka mun. U21 lið Íslands var því úr leik, sárgrætlega nærri því að komast í undanúrslit, aðeins einu marki. Engu að síður var niðurstaða mótsins á þann veg að Ísland hafnaði í 5. sæti í keppninni, sem er auðvitað frábær árangur. Margir þeirra leikmanna sem léku fyrir Íslands hönd í Danmörku höfðu þegar leikið A-landsleiki og munu gegna lykilhlutverki í því liði næstu ár. Reynslan sem þeir fengu með þátttöku í þessari lokakeppni U21

liða mun væntanlega nýtast þeim vel.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	LUJT	Mörk	Net	Stig
1 Sviss	3 3 0 0 6	- 0	6	9
2 Hv.-Rússl.	3 1 0 2 3	- 5	-2	3
3 Ísland	3 1 0 2 3	- 5	-2	3
4 Danmörk	3 1 0 2 3	- 5	-2	3

Nýtt U21 lið tók við keflinu þegar undankeppni fyrir EM 2013 hófst um haustið. Ísland er í riðli með Aserbaídsjan, Belgíu, Englandi og Noregi. Leiknir voru fjórir leikir í riðlinum árið 2011 og fjórir verða leiknir árið 2012.

Þrír fyrstu leikir liðsins voru á heimavelli og var sá fyrsti gegn Belgum á Vodafone-vellinum 1. september. Björn Bergmann Sigurðarson skoraði bæði mörk Íslands í 2-1 sigri, hið fyrra á 25. mínútu og hið seinna á 87. mínútu, en í millitíðinni náðu Belgar að jafna. Næsti leikur var 0-2 tap gegn sterku liði Norðmanna á Kópavogsvelli 6. september. Þriðji heimaleikurinn var gegn Englendingum og fór sá leikur fram á Laugardalsvelli 6. október. Batamerki voru á leik íslenska liðsins frá tapleiknum gegn Noregi, en erfiðlega gekk að skapa færi. Englendingar færðu sér vel í nyt þrjú slæm mistök íslenska liðsins og unnu 3-0 sigur. Seinasti leikur ársins var jafnframt eini útileikurinn og aftur voru mótherjarnir Englendingar. Leikið var á heimavelli Colchester, Weston Homes Community Center, og var uppselt á leikinn (15.000 áhorfendur). Liðið lék vel lengst af í leiknum en Englendingar leiddu þó þegar flautað var til leikhlés, með eina marki fyrri hálfleiks. Enn ein slæm mistök færðu Englendingum mark númer tvö á silfurfati á 56. mínútu, en fram að því höfðu heimamenn verið sterkari aðilinn í leiknum án þess að skapa sér góð marktækifæri. Á

fimm síðustu mínútum leiksins hrundi aftur á móti leikur Íslands og Englendingar skoruðu þrjú mörk á þeim kafla. Lokatölur 5-0 fyrir England.

Staðan í riðlinum					
Lið	LUJT	Mörk	Net	Stig	
1 England	5 4 0 1 17	- 3	14	12	
2 Belgía	5 2 2 1 11	- 8	3	8	
3 Noregur	4 2 1 1 7	- 4	3	7	
4 Ísland	4 1 0 3 2	- 11	-9	3	
5 Aserbaídsjan	4 0 1 3 3	- 14	-11	1	

U19 LANDSLIÐ KARLA

Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landslið karla á árinu, en hann tók við því starfi í desember 2006.

Liðið lék tvo vináttuleiki við Eistlendinga ytra í september með leikmönnum fæddum 1993 og síðar. Fyrri leikurinn vannst 1-4 og sá seinni 0-1.

Íslenska liðið (leikmenn fæddir 1993 og síðar) var í riðli með Noregi, Kýpur og Lettlandi í undankeppni EM og var leikið á Kýpur seinni hluta október. Fyrsti leikurinn var gegn Lettum, sem unnu 2-0 sigur með marki í sínum hvorum hálfleiknum. Okkar menn áttu ágætis færi í leiknum án þess að skora og til að mynda fór vítaspyrna forgörðum. Annar leikurinn var gegn heimamönnum og var þar um hörkuleik að ræða. Kýpverjarnir komust yfir snemma leiks úr vítaspyrnu en Ísland jafnaði á þeirri 34. og þar við sat. Fyrir lokaleikinn gegn Norðmönnum myndi sigur duga til að liðið kæmist í milliriðla. Norðmenn komust snemma yfir en íslenska liðið jafnaði leikinn á 20. mínútu og komst svo yfir í byrjun síðari hálfleiks, en Norðmenn jöfnuðu jafn harðan. Því miður kom ekki markið sem hefði tryggt Íslandi

sigur og sæti í milliriðli og liðið því úr leik.

Lokastaðan í riðlinum					
Lið	LUJT	Mörk	Net	Stig	
1 Noregur	3 1 2 0	7 - 5	2	5	
2 Kýpur	3 1 2 0	6 - 4	2	5	
3 Lettland	3 1 0 2	2 - 4	-2	3	
4 Ísland	3 0 2 1	3 - 5	-2	2	

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Lið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlímánaðar ásamt Svíum, Norðmönnum og Walesverjum. Fyrst var leikið gegn Wales og þar vann íslenska liðið stórsigur 1-5. Næsti leikur var gegn Svíum og þar vannst aftur sigur, nú 0-2. Síðasti leikurinn var gegn Norðmönnum sem komust yfir í byrjun síðari hálfleiks og Ísland jafnaði metin nær strax en það voru Norðmenn sem skoruðu sigurmarkið og unnu 2-1. Þrátt fyrir þetta tap vann Ísland mótið á hagstæðari markatölu en Svíar.

Lokastaðan í mótinu					
Lið	LUJT	Mörk	Net	Stig	
1 Ísland	3 2 0 1	8 - 3	5	6	
2 Svíþjóð	3 2 0 1	8 - 4	4	6	
3 Noregur	3 1 0 2	3 - 4	-1	3	
4 Wales	3 1 0 2	5 - 13	-8	3	

U17 LANDSLIÐ KARLA

Gunnar Guðmundsson tók við þjálfarastarfinu hjá U17 liði karla 2009.

Liðið sem hafði unnið sinn undanriðil hér heima haustið 2010, skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar, fór til keppni í milliriðli í Ungverjalandi í lok mars. Ásamt heimamönnum voru Rússar og Rúmenar í riðlinum. Fyrsti leikurinn var gegn Rúmenum og lauk leiknum með markalausum jafntefli þar sem Rúmenar voru meira með boltann en færin voru Íslendinga. Ungverjar voru næstu and-

stæðingar og fóru þeir með 2-0 sigur þar sem mörkin komu sitt hvoru megin við leikhléið og ekki tókst okkar mönnum að minnka muninn þrátt fyrir ágætar tilraunir. Í lokaleiknum var leikið við Rússa sem einnig unnu 2-0 sigur og skoruðu þeir bæði mörkin í fyrri hálfleik. Þrátt fyrir ágæt færi tókst ekki að minnka muninn og undir lokin var tveimur leikmönnum íslenska liðsins vísað af leikvelli.

Lokastaðan í milliriðlinum					
Lið	LUJT	Mörk	Net	Stig	
1 Rúmenía	3 2 1 0	4 - 2	2	7	
2 Rússland	3 2 0 1	5 - 3	2	6	
3 Ungverjaland	3 1 0 2	4 - 4	0	3	
4 Ísland	3 0 1 2	0 - 4	-4	1	

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Opna Norðurlandamótið var að þessu sinni haldið hér á landi 2.-7. ágúst með þátttöku leikmanna sem fæddir eru 1995 og síðar. Ekki tókst að fá gestaþjóð til þátttöku og því var afraðið að tefla fram tveimur íslenskum liðum. Skemmst er frá því að segja að frammistaða beggja íslensku liðanna var með eindæmum góð. Lið 1 hafnaði í efsta sæti síns riðils og lék því til úrslita í mótinu. Lið 2 hafnaði í 2. sæti síns riðils og lék um 3. sætið. Leikir um sæti voru leiknir á Akureyri og Grenivík þar sem Svíar unnu Færeyinga 3-0 í leik um sjöunda sætið. Á Akureyrarvelli unnu Englendingar Finna 3-2 í leik um fimmta sætið. Bronsleikurinn á Þórsvelli milli Íslands-2 og Noregs var jafn og náði Ísland forystunni í upphafi síðari hálfleiks en Norðmenn náðu að skora tvisvar eftir það og tryggja sér bronsið. Úrslitaleikurinn við Dani á Þórsvelli var hörkuleikur. Íslenska liðið komst yfir á 22. mínútu og reyndist það eina markið í leiknum þrátt fyrir góð færi beggja liða. Ísland-1 varð þar með Norðurlandameistari í

fyrsta skipti frá 2002, en það ár var Ísland Norðurlandameistari þrátt fyrir að tapa úrslitaleiknum, þar sem mótherjinn var ekki Norðurlandapjód, heldur gesta-liðið England.

NM A-riðill - Lokastaðan

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	2	1	0	7-3	4	7
2 Noregur	3	1	2	0	5-3	2	5
3 England	3	1	1	1	6-3	3	4
4 Færeyjar	3	0	0	3	0-9	-9	0

NM B-riðill - Lokastaðan

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Danmörk	3	2	1	0	9-5	4	7
2 Ísland	3	1	1	1	4-4	0	4
3 Finnland	3	0	3	0	7-7	0	3
4 Svíþjóð	3	0	1	2	6-10	-4	1

Riðill Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn í Ísrael í október og voru mót-herjarnir, auk heimamanna, Svisslendingar og Grikkir. Fyrsti leikurinn var gegn Svisslendingum sem voru komnir í 3-0 forystu eftir 22 mínútur. Ísland minnkaði muninn á lokamínútum fyrri hálfleiksins en Svisslendingar bættu við tveimur mörkum í þeim síðari og unnu 5-1 stórsigur. Annar leikurinn var gegn Grikkjum sem höfðu unnið Ísraelsmenn 4-1 í fyrsta leiknum. Íslenska liðið vann góðan 0-1 sigur með marki í byrjun síðari hálfleiks. Ísrael vann Sviss sama dag 3-2 og því voru öll fjögur liðin með 3 stig fyrir lokaumferðina en íslenska liðið í neðsta sæti með lökustu markatöluna. Mikil spennan var því lokadaginn og ekkert var skorað í leikjunum tveimur, fyrr en þremur mínútum fyrir leikslök í leik Íslands og Ísraels er íslenska liðið skoraði það sem reyndist vera sigurmarkið í leiknum. Leik Sviss og Grikklands lauk með markalausum jafntefli og það var því íslenska liðið sem vann riðilinn.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	2	0	1	3-5	-2	6
2 Sviss	3	1	1	1	7-4	3	4
3 Grikkland	3	1	1	1	4-2	2	4
4 Ísrael	3	1	0	2	4-7	-3	3

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í nóvember var dregið í milliriðla og dróst íslenska liðið í riðil með Dönnum, Skotum og Litháum og verður leikið í Skotlandi í lok mars.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman á sjöunda tug leikmanna og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2012.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Fjölmargir Íslendingar léku með erlendum félagsliðum á árinu, sem atvinnumenn víðs vegar um Evrópu. Langflestir þeirra leika sem fyrr í Skandinavíu, en einnig hafa íslenskir leikmenn gegnt stórum hlutverkum hjá félagsliðum sínum sunnar á meginlandi Evrópu og á Bretlandi. Hér að neðan er stiklað á stóru um nokkra þessara leikmanna.

Félagaskipti nokkurra íslenskra leikmanna milli erlendra liði á árinu voru athyglisverð. Þar ber hæst söluna á Kolbeini Sigþórsyni frá AZ Alkmaar til Ajax, en þessi lið eru miklir keppinautar í hollensku deildinni og salan vakti því talsverða athygli þar í landi. Kolbeinn fór mjög vel af stað sem lykilmáður í sínu nýja liði og skoraði grimmt, en meiddist illa í byrjun október og var frá fram á nýtt ár. Eiður Smári Guðjohnsen gekk til liðs við AEK í Grikklandi og fékk höfðinglegar móttökur á

flugvellingum í Aþenu þar sem hundruðir stuðningsmanna hylltu nýjustu stjórn liðsins. Eiður byrjaði vel með AEK og festi sig í sessi sem máttarstólpi í liðinu, en varð fyrir því óláni að fótbrotna í október. Aron Einar Gunnarsson var afar eftirsóttur eftir frammi-stöðuna með Coventry um veturinn og með U21 landsliðinu á EM í Danmörku. Nýr áfangastaður hans var welska félagið Cardiff, sem leikur í næst efstu deild á Englandi eins og fyrra félag hans. Margrét Lára Viðarsdóttir, sem hefur verið ein skærasta stjarna íslenska kvennalandslíðsins síðustu ár, tók risastórt skref á sínum ferli þegar hún samdi við þýska stórliðið Turbine Potsdam, sem er án vafa eitt af allra bestu félagsliðum heims. Þá gekk Ragnar Sigurðsson til liðs við Sölva Ottesen og félagi í FC Kaupmannahöfn og léku þeir félagar í hjarta varnar liðsins.

Heiðar Helguson hefur skorað grimmt fyrir QPR síðustu misseri. Hann átti stóran þátt í því að koma liðinu upp í ensku úrvalsdeildina þegar hann var næst markahæsti leikmaður liðsins, og skoraði mörg glæsileg og afar mikilvæg mörk í haust.

Íslenskir markverðir virðast vera afar eftirsóttir, a.m.k. í sænsku úrvalsdeildinni. Á tímabili voru fjórir Íslendingar á milli stanganna hjá liðum í deildinni, þær Guðbjörg Gunnarsdóttir hjá Djurgården, Þóra Björg Helgadóttir hjá Malmö, María Björg Ágústsdóttir hjá Örebro og Sandra Sigurðardóttir hjá Jitex.

Þrír Íslendingar gerðu góða hluti í skosku úrvalsdeildinni. Eggert Gunnþór Jónsson var áfram lykilmáður hjá Hearts, sem hafnaði í 3. sæti deildarinnar vorið 2011. Í janúar 2012 var

Eggert síðan keyptur til enska úrvalsdeildarliðsins Wolves. Kári Árnason gekk til liðs við Aberdeen og festi sig strax í sessi, og Guðlaugur Victor Jónsson lék hjá Hibernian í Edinborg, helstu keppinautum Hearts, liðs Eggerts Gunnþórs.

Landsmeistaratitlar söfnuðust á íslenska leikmenn erlendis. Sölvi Geir Ottesen fagnaði meistaratitli í Danmörku með FC Kaupmannahöfn, Guðjón Pétur Lýðsson var lánaður frá Val til Helsingborgar, sem varð Svíþjóðarmeistari, og íslenskir leikmenn unnu einnig sænskan meistaratitil í kvennaflokki. Þar voru á ferðinni þær Þóra Björg Helgadóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir, en Sara var þar að leika sitt fyrsta tímabil sem atvinnumaður og hefur byrjað sinn atvinnumannaferil afar vel sem lykilmaður í meistaraliði.

HM 2014 - ÍSLAND AFTUR Í RIÐLI MEÐ NOREGI OG KÝPUR

Í júlí var dregið í riðla í undankeppninni fyrir HM 2014. Drátturinn fór fram í Ríó en úrslitakeppnin 2014 fer einmitt fram í Brasilíu. Ísland hafnaði í E-riðli með Noregi, Slóveníu, Sviss, Albaníu og Kýpur. Sigur-vegarar riðlanna tryggja sér sæti í úrslitakeppninni 2014 en þær átta þjóðir sem bestan árangur hafa í öðru sæti riðlanna, munu leika umspilsleiki um þau fjögur sæti sem eftir standa. Leikir undankeppninnar munu fara fram á bilinu frá 7. september 2012 til 15. október 2013 en umspilsleikirnir verða leiknir 15. og 19. nóvember 2013.

LARS LAGERBÄCK RÁÐINN ÞJÁLFARI A LANDSLIÐS KARLA

Um miðjan október var Svíinn Lars Lagerbäck kynntur til sögunnar sem nýr þjálfari A landsliðs karla. Einnig var Heimir Hallgrímsson kynntur sem aðstoðarmaður hans. Samningur þeirra er til ársloka 2013 en Lars tók til starfa 1. janúar 2012.

Hinn 63 ára Lars Lagerbäck hefur mikla reynslu sem landsliðsþjálfari en hann var þjálfari landsliðs Svía frá árinu 2000 til 2009, fyrst ásamt Tommy Söderberg en frá árinu 2004 var hann einn landsliðsþjálfari. Undir hans stjórn komust Svíar í úrslitakeppni stórmóta, úrslit EM 2000, 2004 og 2008 og úrslitakeppni HM 2002 og 2006. Hann stjórnaði svo landsliði Nígeríu í úrslitakeppni HM árið 2010. Heimir Hallgrímsson verður Lars innan handar en hann hefur þjálfað lið ÍBV undanfarin ár með góðum árangri. Heimir er einn þeirra Íslendinga sem hafa UEFA Pro þjálfaragráðu en hana fékk Heimir síðastliðið sumar. Það er mjög ánægjulegt að fá þessa hæfu þjálfara til starfa og væntir Knattspyrnusambandið mikils af samstarfinu við þá.

KOLBEINN SIGÞÓRSSON Í STJÖRNULIÐI EM U21

Framherjinn Kolbeinn Sigþórsson var valinn í stjörnu-liði úrslitakeppni EM U21 karla, en sérstakt tækni-UEFA valdi leikmenn í þetta lið. Flestir leikmenn komu frá Evrópumeisturum Spánverja en þeir átta sjö fulltrúa af 23 leikmönnum í þessu stjörnu-liði UEFA. Allar þátttökuþjóðirnar átta voru með sinn fulltrúa í liðinu en Ísland, Hvíta Rússland og Úkraína átta þar einn fulltrúa. Eins og áður sagði voru

sjö leikmenn frá Spáni í liðinu, silfurlið Sviss átti fimm leikmenn og Tékkar þrjá. Englendingar voru einnig með þrjá fulltrúa og gestgjafar Dana með tvo.

KRISTJÁN ÖRN LÉK SINN 50. A-LANDSLEIK

Kristján Örn Sigurðsson náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik fyrir Íslands hönd. Áfanganum náði hann í markalausju jafntefli gegn Kypur ytra í mars, í leik í undankeppni EM 2012.

BJARNI ÞÓR LEIKJAHÆSTUR ALLRA U21 LEIKMANNA

Bjarni Þór Viðarsson er leikjahæsti leikmaður U21 karla frá upphafi, en í lokakeppni EM náði hann að leika sinn 26. leik. Á eftir honum kemur Birkir Bjarnason sem hefur leikið 25 leiki fyrir U21 landsliðið og Hólmar Örn Eyjólfsson með 23 leiki. Bjarni Þór og Birkir hafa lokið þátttöku í U21 verkefnum, en Hólmar Örn er enn gjaldgengur í U21 landsliðið, og hefur því tækifæri til að komast upp fyrir þá félagi.

RÚNAR KRISTINSSON HEIÐRAÐUR AF UEFA

Fyrir leik Íslands og Kýpurs í byrjun september var Rúnar Kristinsson heiðraður af UEFA og fékk afhentan minnispening og húfu (cap) af því tilefni. UEFA var þarna að heiðra þá knattspyrnumenn í Evrópu sem hafa náð 100 landsleikjamarkinu. Rúnar, sem lék alls 104 A-landsleiki fyrir Íslands hönd og skoraði 3 mörk, er svo sannarlega í góðum hópi, því á meðal þeirra sem UEFA heiðrar á sama hátt eru kappar eins og Michael Laudrup, Bobby

Charlton, David Beckham, Zinedine Zidane, Franz Beckenbauer, Lothar Matthaus, Fabio Cannavaro, Edwin van der Sar, Pat Jennings, Luis Figo, Gheorghe Hagi, Kenny Dalglish, Raúl González og Andriy Shevchenko, svo einhverjir séu nefndir.

MIKILL FJÖLDI LEIKMANNA Í LANDSLIÐSVERKEFNUM

Mikill fjöldi leikmanna kom við sögu í yngri landsliðum karla á árinu. Skýringin er tvíþætt, annars vegar vegna þátttöku U21 í úrslitakeppni EM í Danmörku og hins vegar þar sem Ísland sendi tvö lið til þátttöku á Norðurlandamóti U17, sem leikið var hér á landi.

Þar sem U21 tryggði sér þátttökurétt í úrslitakeppninni voru leikmenn sem tóku þátt í undankeppninni eðlilega allflestir enn að leika með því liði á árinu, og á þessu ári hófst auðvitað undan-keppni fyrir EM 2013, með nýjum leikmönnum U21, þó hluti EM hópsins hafi haldið áfram í U21 liðinu. Alls tóku 39 leikmenn þátt í leikjum U21 á árinu (7 til viðbótar voru í hóp en komu ekki við sögu) sem er fjölgun um 13 leikmenn frá fyrra ári. Fimmtán af þeim leikmönnum sem komu við sögu hjá U21 landsliðinu voru einnig í hóp í A landsliðinu og komu 13 þeirra við sögu í leikjum A liðsins.

Árið 2010 kom 21 leikmaður við sögu hjá U17 landsliði karla. Þar sem Ísland var með tvö lið í Norðurlandamótinu í ár var þessi fjöldi talsvert hærri á árinu 2011, þegar alls 49 leikmenn komu við sögu í U17 leikjum (1 að auki var í hóp en kom ekki við sögu).

Þá má geta þess að á árinu mættu 262 leikmenn fæddir 1993-1997

á 75 æfingar yngri landsliða karla. Þessir leikmenn komu úr 39 félögum víðs vegar af landinu. Þetta er eilítil fækkun leikmanna og félaga frá fyrra ári þegar 273 leikmenn frá 45 félögum mættu, en æfingarnar 2010 voru 56, þannig að þeim fjölgaði mikið milli ára.

A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson var við stjórnvölinn hjá A-landslíði kvenna, hans fimmta ár með liðið, en hann hóf störf í janúar 2007. Guðni Kjartansson var sem fyrr aðstoðarþjálfari Sigurðar.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup í Portúgal og hóf íslenska liðið keppnistímabilið með tímamótasigri á Svíum, 2-1. Annar leikur liðsins var gegn Kínverjum og þar vannst einnig 2-1 sigur. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Danmörku og var þriðji sigur liðsins í höfn, að þessu sinni 1-0. Þetta voru fyrstu sigrar A landsliðs kvenna á Svíum og Dönum. Fyrsta sætið í riðlinum þýddi úrslitaleik gegn Bandaríkjunum og unnu þær bandarísku 4-2 sigur, en árangurinn gaf svo sannarlega góð fyrirheit fyrir framhaldið.

Fyrsti leikurinn í undankeppni EM var gegn Búlgaríu 19. maí. Ísland vann þar 6-0 stórsigur og skoraði Margrét Lára Viðarsdóttir fjögur mörk í leiknum. Í september var tekið á móti Norðmönnum og Belgum á Laugardalsvellinum, tveir lykil-leikir í þessari undankeppni. Er skemmst frá því að segja að Ísland vann öruggan 3-1 sigur á Norðmönnum, þar sem Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö mörk og Margrét Lára eitt. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Belgum. Þrátt fyrir fjölmörg

marktækifæri og yfirburði í leiknum náði íslenska liðið ekki að skora og því varð markalaust jafntefli niðurstaðan. Í lok október var haldið í erfiða ferð til Ungverjalands og N.-Írlands. Í Ungverjalandi náði Dóra María Lárusdóttir að skora eina mark leiksins og í N.-Írlandi skoruðu Hólmfríður og Dagný Brynjarsdóttir sitt markið hvor og tryggðu þar öruggan 2-0 sigur. Íslenska liðið hélt því í vetrarfrí í efsta sæti síns riðils með góðu stöðu fyrir næsta ár.

Staðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	5	4	1	0	12-1	11	13
2 Belgía	5	3	1	1	8-2	6	10
3 Norður-Írland	4	2	1	1	6-5	1	7
4 Noregur	4	2	0	2	9-6	3	6
5 Ungverjaland	5	1	1	3	7-11	-4	4
6 Búlgaría	5	0	0	5	0-17	-17	0

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjáfaði U19 lið kvenna, eins og hann hefur gert alveg síðan 1999, en hann hefur stýrt U19 landslið kvenna í öllum leikjum þess, nema þeim fyrsta.

Um mánaðamótin mars/apríl lék lið skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar í milliriðlum EM og fór riðillinn fram í Wales. Íslenska liðið tapaði fyrsta leik sínum 1-3 fyrir Tyrkjum, en vann sigur á Wales í öðrum leiknum. Mótherjarnir í þriðja leik voru Þjóðverjar og þar átti íslenska liðið aldrei möguleika, tapaði 0-3.

Lokastaðan í milliriðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Þýskaland	3	2	1	0	6-1	5	7
2 Wales	3	1	1	1	2-3	-1	4
3 Tyrkland	3	1	0	2	3-4	-1	3
4 Ísland	3	1	0	2	3-6	-3	3

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í september lék lið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar í

undankeppni EM á heimavelli. Fyrsti leikur liðsins var gegn Slóveníu á Vodafonevelli og vann Ísland 2-1 sigur. Í öðrum leik var haldið á Selfoss þar sem öruggur 3-0 sigur vannst á Kasakstan. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Wales á Fylkisvelli og þar vann Ísland 2-0. Í mótinu var einnig leikið á Fjölnisvelli, Sandgerðisvelli og Varmárvelli.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	3	0	0	7-1	6	9
2 Wales	3	2	0	1	7-3	4	6
3 Slóvenía	3	1	0	2	5-6	-1	3
4 Kasakstan	3	0	0	3	0-9	-9	0

Framundan er erfitt verkefni í milliriðlum, en íslenska liðið var dregið í riðil með Frakklandi, Rúmeníu og Hollandi. Riðillinn fer fram í Hollandi um mánaðamótin mars/apríl 2012.

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Þorlákur Árnason stjórnaði U17 landsliði kvenna þriðja árið í röð, en hann tók við í byrjun árs 2009.

Í apríl lék lið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar í milli-riðlum EM í Póllandi. Íslenska liðið byrjaði riðilinn með látum, lagði England 2-0, og endurtók úrslitin í öðrum leik liðsins, gegn Pólverjum. Í lokaleiknum voru Svíar sigraðir 4-1 og með þessum stórkostlega árangri tryggði liðið sér sæti í fjögurra liða úrslitum EM og er þetta fyrsta íslenska landsliðið sem nær þeim áfanga.

Lokastaðan í milliriðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	3	0	0	8-1	7	9
2 Pólland	3	2	0	1	5-4	1	6
3 England	3	1	0	2	2-4	-2	3
4 Svíþjóð	3	0	0	3	2-8	-6	0

Í lok júlí var haldið til Nyon í Sviss þar sem úrslitakeppnin fór fram. Íslenska liðið mætti þar ofjörlum sínum. Tapaði 0-4 fyrir Spáni í undanúrslitum og 2-8 fyrir Þjóðverjum í leik um þriðja sætið. Þrátt fyrir að liðið hafi tapað báðum leikjum sínum í úrslitakeppninni í Sviss þá er liðið 4. besta lið Evrópu í þessum aldursflokki sem er einstakur árangur.

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Finnlandi, en þar léku leikmenn fæddir 1995 og síðar. Íslenska liðið byrjaði með 1-1 jafntefli gegn Þýskalandi. Annar leikur liðsins í riðlinum var gegn Frökkum en þeim leik tapaði Ísland naumlega 2-3. Í lokaleiknum í riðlinum var leikið gegn Noregi þar sem jafntefli var niðurstaðan 1-1. Íslenska liðið lék því gegn Svíum um 5. sætið í mótinu og sigraði í miklum markaleik, 5-3.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Frakkland	3	1	2	0	6-5	1	5
2 Noregur	3	1	2	0	4-3	1	5
3 Ísland	3	0	2	1	4-5	-1	2
4 Þýskaland	3	0	2	1	2-3	-1	2

Í október lék sami aldurshópur í sterkum riðli í undankeppni EM 2012 í Austurríki. Liðið vann heimamenn í fyrsta leik sínum, 2-1, og í öðrum leiknum var öruggur 3-0 sigur á Kasakstan niðurstaðan. Lokaleikur riðilsins var úrslitaleikur um sæti í milliriðlum þar sem sterkt lið Skota var mótherjinn. Leiknum lauk með 2-2 jafntefli, sem dugði til að komast í milliriðla.

Lokastaðan í riðlinum

Lið	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Ísland	3	2	1	0	7-3	4	7
2 Skotland	3	1	2	0	6-3	3	5
3 Austurríki	3	1	1	1	13-3	10	4
4 Kasakstan	3	0	0	3	0-17	-17	0

Dregið var í milliriðla í nóvember og leikur Ísland í riðli með Sviss, Englandi og Belgíu, en leikið verður í Belgíu um miðjan apríl 2012.

ÍRUNN OG LÁRA Í ÚRVALSLIÐI U17 KVENNA

Þær Írunn Þorbjörg Aradóttir og Lára Kristín Pedersen voru valdar í úrvalslíð mótsins eftir úrslitakeppni EM U17 kvenna, sem fór fram í Sviss. Það var tækninefnd UEFA sem sá um að velja lið mótsins og birti niður-stöðurnar í sérstakri skýrslu sem gefin var út að móti loknu. Tækninefndin valdi hóp 22 leikmanna sem léku í úrslitakeppninni og voru Írunn og Lára vel að því komnar að vera í þessum hópi. Evrópumeistarar Spánverja áttu flesta leikmenn í þessum hópi, eða 9 leikmenn.

ÓLÍNA KOMIN Í 50 LEIKI

Nokkrir tímamótalandsleikir voru á starfsárinu. Ólína G. Viðarsdóttir lék sinn 50. landsleik gegn Bandaríkjunum á Algarve Cup, Laufey Ólafsdóttir lék sinn 25. landsleik gegn Belgíu sem og Guðný Björk Óðinsdóttir. Raket Logadóttir lék sinn 25. landsleik á Algarve. Katrín Jónsdóttir heldur áfram að bæta landsliðsmet sitt. Hún hefur nú leikið 111 A landsleiki fyrir Íslands hönd.

30 ÁR LIÐIN FRÁ FYRSTA KVENNALANDSLEIKNUM

Þann 20. september voru liðin 30 ár frá fyrsta kvennalandsleik Íslands. Af því tilefni bauð KSÍ öllum A-landsliðskonum Íslands frá upphafi á landsleiki Íslands gegn Noregi og Belgíu í undan-

keppni EM 2013. Þessi fyrsti landsleikur, fyrir 30 árum, var viðureign A landsliðs kvenna við Skotland. Um var að ræða vináttulandsleik sem leikinn var í Kilmarnock og lauk honum með 3-2 sigri Skota, sem leiddu 1-0 í hálfleik.

ÚRTÖKUMÓT STÚLKNA

Úrtökumót stúlkna fór fram að Laugarvatni í ágúst eins og hjá drengjunum. Á þessu úrtökumóti stúlkna komu saman á fjórða tug leikmanna og fór mótið vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á stúlkum sem eru gjaldgengar í U17 liðið 2012.

NÍU LEIKMENN LÉKU BÆÐI MEÐ U19 OG U17 KVENNA

Ekki var um talsverð fjölgun milli ára á þeim fjölda leikmanna sem tóku þátt í verkefnum yngri landsliða kvenna eins og hjá karlaliðunum. Hjá U17 tóku 28 leikmenn þátt í leikjum ársins, sem er fækkun um einn leikmann frá fyrra ári, og fjölgunin milli ára hjá U19 kvenna var 6 leikmenn. Níu leikmenn léku bæði með U17 og U19 liðunum á árinu, en það gerði aðeins einn leikmaður árið á undan.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 104. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2011 og hækkaði því um átta sæti frá árinu á undan, var í 112. sæti í lok árs 2010. Milli áranna 2009 og 2010 féll liðið um heil 20 sæti. Listinn er gefinn út mánaðarlega og framan af ári voru ekki miklar sveiflur á stöðu liðsins. Frá janúar og fram í maí féll liðið úr 113. sæti í það 116. Næstu mánuði rokkaði liðið á milli 122.

sætis og þess 124., en lyfti sér aftur upp í 106. sætið í september og endaði árið sem fyrr segir í 104. sæti. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 43. sæti í lok árs og hækkar þar um tvö sæti milli ára.

A-landslið kvenna lauk árinu 2011 í 15. sæti á styrkleikalista FIFA og hækkaði því um tvö sæti milli ára. Þetta er jafnframt hæsta staða sem Ísland hefur náð á listanum, sem var fyrst gefinn út árið 2003 og er birtur þrisvar sinnum á ári. Hreyfingar innan ársins voru að venju heldur litlar, sérstaklega í efri hlutanum. Í mars var íslenska liðið í 16. sæti, féll í það 17. í júlí, en í september var 15. sætinu náð og því haldið til ársloka. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 9. sæti í árslok 2011. Athyglisvert er að innan Evrópu eru Norðurlandaþjóðirnar Svíþjóð (2. sæti), Noregur (6. sæti), Danmörk (7. sæti) og Ísland allar á topp 10 á listanum, og Finnland er ekki langt undan, í 12. sæti.

METÁR Í LANDSLEIKJAFJÖLDA

Árið 2011 var metár í fjölda leikja hjá landsliðum Íslands. Alls voru landsleikirnir 67 talsins, en fyrra metið var sett árið 2009 þegar leiknir voru 66 landsleikir samanlagt. Þessi mikli fjöldi leikja 2011 skýrist að mestu annars vegar af þátttöku tveggja íslenskra liða í Norðurlandamóti U17 karla, og hins vegar með tilkomu Futsal-landsliðs karla, sem lék í forkeppni EM í byrjun árs. Landsleikjum hefur fjölgað nokkuð þegar litið er yfir lengra tímabil. Fyrir 20 árum (1991) voru landsleikirnir 44, og fyrir 10 árum (2001) voru þeir 54. Landsleikir ársins 2011 skiptast þannig niður á liðin:

<i>A landslið karla:</i>	6 leikir
<i>U21 karla:</i>	9 leikir
<i>U19 karla:</i>	8 leikir
<i>U17 karla:</i>	14 leikir
<i>Futsal landslið karla:</i>	3 leikir
<i>A landslið kvenna:</i>	9 leikir
<i>U19 kvenna:</i>	6 leikir
<i>U17 kvenna:</i>	12 leikir

PROZONE LEIKGREINIR 60 LEIKI Á ÁRI

KSÍ gerði á árinu samning við enska fyrirtækið Prozone um leikgreiningu á landsleikjum Íslands næstu 2 árin. Samningurinn felur í sér að Prozone leikgreinir 60 leiki á ári. KSÍ mun nýta þessa leiki til leikgreiningar á leikjum landsliða Íslands, en landsliðsþjálfarar hafa líka möguleika á að láta leikgreina leiki væntanlegra mótherja okkar til að hjálpa til við að undirbúa landslið okkar sem best.

Samningurinn felur í sér að hver leikur er greindur niður í um 2.500 atriði og skilað til baka til KSÍ innan sólarhrings eftir að leikurinn hefur verið sendur til Prozone. Hver einasta snerting hvers leikmanns í leiknum er greind niður og flokkuð og hægt verður að fá nákvæmt yfirlit yfir framlag hvers leikmanns sem tók þátt í leiknum. Leikgreiningin er frábært stuðningstól fyrir landsliðsþjálfarana og er í raun bylting hvað varðar möguleika til leikgreiningar á landsliðum Íslands og mótherjum. Prozone er leiðandi fyrirtæki í heiminum á sviði leikgreiningar í knattspyrnu.

Meira og minna öll stærstu félög og knattspyrnusambönd í heiminum nota Prozone. Með þessum samningi er stigið mikilvægt skref í að bæta umgjörð og undirbúning lands-

liða okkar til að hjálpa þeim að ná áfram góðum árangri á alþjóðavettvangi. Fyrstu landsleikirnir sem voru leikgreindir voru leikir A-landsliðs kvenna á Algarve Cup móttinu í mars 2011.

MARGRÉT LÁRA OG HEIÐAR KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Heiðar Helguson og Margréti Lára Viðarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2011. Þetta er í áttunda skiptið sem að knattspyrnufólk ársins er sérstaklega útnefnt af KSÍ. Fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni, skipa Leikmannavalið. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin hjá körlum og konum.

Heiðar Helguson hefur átt góðu gengi að fagna með liði sínu QPR í ensku úrvalsdeildinni. Hann var einn af lykilmönnum liðsins sem vann sannfærandi sigur í Championship deildinni síðastliðið vor. Heiðar skoraði 13 mörk á tímabilinu og var annar markahæsti leikmaður liðsins. Hann gerði nýjan samning við félagið í sumar til eins árs. Eftir að hafa komið fremur lítið við sögu í byrjun tímabils fékk Heiðar tækifæri, greip það með báðum höndum og skoraði grimmt. Hann skoraði m.a. í fjórum heima-leikjum í röð og jafnaði þar með félagsmet í úrvalsdeildinni. Heiðar, sem tilkynnti í haust að hann hefði ákveðið að leggja landsliðsskóna á hilluna, lék þrjú landsleiki á árinu og eru leikirnir alls 55 talsins og mörkin tólf.

Margrét Lára Viðarsdóttir átti sitt besta tímabil í Svíþjóð. Hún varð önnur af markadrottningum deildarinnar, skoraði 16 mörk í 21 leik og var lykilmáður Kristianstad í sænsku deildinni.

Eftir síðasta leik Margrétar Lára með sænska liðinu var tilkynnt að hún hefði samið við þýska stórliðið Turbine Potsdam, sem er eitt allra sterkasta félagslið heims, hefur t.a.m orðið þýskur meistari þrjú ár í röð og Evrópu-meistari 2005 og 2010 og hefur tryggt sér sæti í 8-liða úrslitum Meistaradeildar kvenna. Margrét Lára var sem fyrr lykilmáður í íslenska kvennalandsliðinu, sem trónir á toppi síns riðils í undankeppni EM og í níu landsleikjum á árinu skoraði hún átta mörk. Landsliðsmörkin eru því orðin 63 talsins í 77 leikjum.

HEIÐAR HELGUSON ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2011

Heiðar Helguson var útnefndur íþróttamaður ársins 2011 af Samtökum íþróttafréttamanna, en hófið fór fram á Grand Hótel í janúar 2012. Þetta var í 56. sinn sem íþróttamaður ársins er valinn og er Heiðar sjöundi knattspyrnumaðurinn sem hlýtur útnefninguna og jafnframt sá fyrsti síðan Margrét Lára Viðarsdóttir var valin árið 2007. Knattspyrnumenn hafa alls hlotið verðlaunin níu sinnum, og þar af hafa Ásgeir Sigurvinsson og Eiður Smári Guðjohnsen hlotið þessa viðurkenningu tvisvar.

Knattspyrnufólk var annars áberandi meðal efstu manna í kjörinu í ár, því Sara Björk Gunnarsdóttir varð í 4. sæti, Kolbeinn Sigþórsson í 5. sæti og Þóra Björg Helgadóttir í 6. sæti.

•••••

EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

MEISTARADEILD UEFA

Íslandsmeistarar Breiðabliks komu inn í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA og mættu þar norsku meisturunum í Rosenborg, sem er með mikla reynslu úr þessari öfluglu keppni. Fyrri leikurinn fór fram á Lerkendal vellinum í Þrándheimi og þrátt fyrir mikla mótstöðu Blika í fyrri hálfleik náðu heimamenn að vinna 5-0 sigur, með fjórum mörkum í síðari hálfleik. Íslandsmeistararnir náðu svo að snúa við blaðinu í síðari leiknum, á Kópavogsvelli, og unnu glæsilegan 2-0 sigur með marki í sitt hvorum hálfleiknum.

EVROPUDEILD UEFA

Þrjú íslensk lið léku í Evrópudeild UEFA – Valitor-bikarmeistarar FH, ÍBV og KR.

ÍBV og KR hófu leik í 1. umferð forkeppninnar. Eyjamenn féllu úr leik þrátt fyrir eins marks sigur á írsku liðinu St. Patrick's Athletic í fyrri leiknum, sem leikinn var á Vodafone-vellinum að Hlíðarenda þar sem Hásteinsvöllur uppfyllti ekki lágmarks-skilyrði fyrir leiki í UEFA-mótum félagsliða. Þetta eina mark ÍBV dugði ekki, því Írarnir unnu 2-0 sigur í seinni leiknum.

KR-ingar áttu sannkallað Evrópuævintýri. Fyrsti mótherjinn, ÍF frá Fuglafirði í Færeyjum í 1. umferð forkeppninnar var lagður með sannfærandi hætti, 3-1 sigur í Þórshöfn og 5-1 á KR-velli, 8-2 samanlagt. Næsti mótherji var MSK Zilina frá Slóvakíu, lið sem lék í riðlakeppni Meistaradeildarinnar keppnistímabilið á

undan. Glæsilegur 3-0 sigur KR á heimavelli lagði upp afar áhugaverðan seinni leik og ljóst að Slóvakarnir voru slegnir út af laginu, en þóttu úrslitin óvænt. KR-vörnin stóðst áhlaupið ytra og fékk aðeins á sig tvö mörk. KR fór áfram samanlagt 3-2. Þriðja umferð forkeppninnar var framundan og þar var leikið gegn Dinamo Tbilisi frá Georgíu. Þrátt fyrir draumabyrjun í fyrri leiknum á KR-vellinum höfðu gestirnir betur með 4-1 sigri og unnu svo 2-0 á sínum heimavelli. Evrópuævintýri KR var því úti þetta árið, en óhætt að segja að liðsmenn Vesturbæjarliðsins hafi svo sannarlega verið íslenskri knattspyrnu til mikils sóma.

Bikarmeistarar FH hófu leik í 2. umferð forkeppni Evrópu-deildarinnar og luku jafnframt keppni þar eftir tvær hörkuviðureignir við portúgalska liðið CD Nacional. Liðin gerðu 1-1 jafntefli í fyrri leiknum, á Kaplakrikavelli og FH-ingar áttu enn möguleika þegar skammt var eftir í seinni leiknum og staðan 1-0 fyrir heimamenn. Rétt fyrir leikslök skorðu þeir hins vegar annað mark sitt og FH-ingar því úr leik.

MEISTARADEILD KVENNA

Íslandsmeistarar Vals og Þór/KA tóku þátt í UEFA Meistaradeild kvenna á árinu. Þetta var í annað sinn sem Ísland átti tvo fulltrúa í þessari keppni og sýnir það vel vasklega framgöngu íslenskra félagsliða í þessari keppni á síðustu árum. Bæði lið hófu keppni í 1. umferð.

Þór/KA hafði ekki heppnina með sér í drættinum, því mótherjarnir voru sjálfir Evrópumeistararnir í Turbine Potsdam frá Þýskalandi. Svo fór að Akureyrarstúlkur réðu

ekki við styrk Þjóðverjanna og töpuðu báðum leikjunum með sex marka mun, þeim fyrri 6-0 og þeim síðari 8-2.

Andstæðingar Vals voru skosku meistarnir í Glasgow FC. Fyrri leiknum, sem fram fór ytra, lauk með 1-1 jafntefli og voru því möguleikar Valsstúlkna taldir góðir fyrir síðari leikinn. Svo fór þó að þær skosku unnu 3-0 sigur á Vodafone-vellinum og Íslandsmeistararnir því úr leik.

FUTSAL - ÞRJÚ TÖP FJÖLNIS Í ÞREMUR LEIKJUM

Fjölnismenn léku í undanriðli fyrir Evrópukeppni félagsliða í Futsal (Futsal Cup) í ágúst, en riðillinn var leikinn í Varna í Búlgaríu. Fjölnismenn biðu lægri hlut í fyrsta leiknum, gegn BGA frá Danmörku, 5-3 eftir að Danir höfðu leitt í leikhléi með tveimur mörkum. Næst var leikið gegn heimamönnum í Varna og höfðu Búlgarir betur, 8-5. Loks var leikið gegn norska liðinu Vegakameratene og lokatölur leiksins 3-1 fyrir þá norsku. Fjölnismenn töpuðu því öllum þremur leikjum sínum í riðlinum. Vegakameratene unnu alla þrjá leiki síða í riðlinum og fóru í milliriðla.



MANNVIRKJAMÁL

MANNVIRKJANEFNDIN TIL RÁÐGJAFAR

Mannvirkjanefnd KSÍ var sem fyrr knattspyrnufélögum og sveitarfélögum til ráðgjafar vegna framkvæmda við knattspyrnumannvirki á árinu. Þar má nefna endurbætur á vallarhúsi og stúku við Akureyrarvöll, teikningar af nýrri stúku í Vestmannaeyjum og innréttingu og skipulag búningsklefa undir stúku á Selfossi, og fleira. KSÍ hvetur hagsmunaaðila til að leita til KSÍ þegar hugað er að byggingu á knattspyrnumannvirkjum.

GERVIGRAS Í SÓKN

Á norræna mannvirkjaþinginu sem haldið var í Finnlandi í ágúst kom fram að notkun knattspyrnugrass (á ensku *football turf*, eða gervigras) í efstu deildum karla og kvenna á Norðurlöndunum eykst jafnt og þétt, og er nú notað á meira en þriðjung keppnisvalla í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og jafnframt hefur notkun þess verið heimiluð í Danmörku frá 2012.

KÖNNUN NÁTTÚRULEGU GRASI Í 10 LÖNDUM

KSÍ tók þátt í könnun FIFA á náttúrulegu grasi á keppnisvöllum með tilliti til loftslags. Í þessari könnun leitaði FIFA eftir samstarfi við 10 lönd með mjög breytilegu loftslagi og aðstæðum. Tveir fulltrúar FIFA heimsóttu svo Ísland sumarið 2011 og gerðu úttekt á uppbyggingu og gæðum allmargra keppnisvalla í efstu deild. Vellirnir voru valdir út frá gæðum, dreifingu þeirra og fjölbreytileika í uppbyggingu.

Niðurstöðurnar voru jákvæðar og komu sumir vallanna mjög vel út úr könnuninni, sem endurspegladi gæði þeirra. Þar sem mikið hafði verið lagt í undirvinnu og gras, og síðan í viðhald, þar voru niðurstöðurnar góðar, en lakari annars staðar, ekki síst þar sem viðhald hafði verið vanrækt.

30 MILLJÓNUM ÚTHLUTAÐ ÚR MANNVIRKJASJÓÐI

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í maí að úthluta rúmlega 30 milljónum króna úr Mannvirkjasjóði og var þetta í fjórða skiptið sem úthlutað var úr sjóðnum. Alls var úthlutað til 9 verkefna, en umsóknir voru 11 talsins. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu.

Umsókn	Verkefni	Styrkur
Magni	Knattspyrnuvöllur á Grenivík	1 mkr.
Samherjar	Sparkvöllur við Hrafnagilsskóla	1 mkr
Bolung.vík	Búningsaðstaða, salernisaðstaða og veitingasala	2 mkr
BÍ/Bol.vík	Áhorfendastúka við Torfnesvöll	10 mkr
Víkingur R	Bætt aðstaða fyrir sjónvarpsútsend.	300 þús
KA	Stúka við Akureyrarvöll - endurbætur	5 mkr
Leiknir R	Lóðarframkvæmdir, aðgengi og æfingavöllur fyrir börn	2 mkr
Víkingur Ó	Stúkubygging við Ólafsvíkurvöll	7 mkr
ÍA	Endurbuygging æfingavalla á Jaðarsbökkum - áfangi 1	2 mkr
Samtals		30,3 mkr.

330 MANNA STÚKA VÍGÐ Í ÓLAFSVÍK

Aðstaða áhorfenda við Ólafsvíkurvöll tók miklum breytingum á árinu. Á vormánuðum lauk framkvæmdum við áhorfendastúku með 330 sætum og er óhætt að segja að ásynd leikvangsins hafi gjörbreyst. Stúkan er „skipt í miðju“, þannig að keppendur og dómaraþanga til leikvallar í gegnum hana miðja. Mannvirkið var vígt fyrir fyrsta heimaleik Víkings á liðnu keppnistímabili og var mikið um dýrðir.



FRÆÐSLA OG ÚTBREIÐSLA

NÁMSKEIÐAHALD

KSÍ hélt 16 þjálfaranámskeið á árinu, fyrir utan aðra fræðsluviðburði, og það er metár í fjölda þjálfaranámskeiða á vegum KSÍ. Jafnframt voru fræðsluviðburðirnir 21 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Fræðsludeildin hefur á undanförunum árum reynt markvisst að auka gæði námskeiðanna með því að fjölga kennurum og bjóða frekar upp á fleiri námskeið heldur en að hafa mjög stóra nemendahópa á þeim. Þessi ráðstöfun mun vonandi auka gæði kennslunnar og skila þannig betri þjálfurum til aðildarfélaganna.

KSÍ bauð upp á sérstaklega áhugaverð endurmenntunarnámskeið með John Peacock og Dick Bate frá enska knattspyrnusambandinu sem kenndu þjálfun eftir leikstöðum og með Pat Bonner frá írsku knattspyrnusambandinu sem kenndi mark-

mannþjálfun á vegum FIFA. Þá bauð KSÍ upp á námskeið fyrir þjálfara í gegnum fjarnám í samvinnu við League Managers Association í Englandi og Sportspath.com. Fleiri slík námskeið eru fyrirhuguð á næsta starfsári.

ÁTTA MEÐ UEFA PRO GRÁÐU

Átta Íslendingar hafa nú lokið við UEFA Pro þjálfaragráðuna og fleiri þjálfarar eru byrjaðir að undirbúa sig fyrir þetta æðsta viðurkennda þjálfaranám innan UEFA. Það er mikilvægt fyrir framtíð íslenskrar knattspyrnu að íslenskir þjálfarar nái sér í þessa menntun og því hefur KSÍ stutt við bakið á þessum þjálfurum bæði með fræðslustyrkjum í formi flugferða og með tæknilegri aðstoð frá fræðsludeild KSÍ.

Íslendingar með UEFA Pro gráðu

- Atli Eðvaldsson
- Guðjón Þórðarson
- Heimir Hallgrímsson
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson
- Teitur Þórðarson
- Willum Þór Þórsson
- Zeljko Óskar Sankovic
- Þorvaldur Örlygsson

MIKILVÆGUR FRÆDSLUFUR

Fræðslufur KSÍ á www.ksi.is er veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið magn af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast mjög þjálfurum í námi og starfi.

ÞJÁLFAFRASKÓLI KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ var settur á laggirnar seint á árinu, en skólinn stendur öllum þjálfurum aðildarfélaga KSÍ til boða. Hugmyndin á bakvið skólann er að reyndur KSÍ-kennari deili reynslu sinni og þekkingu með þjálfara sem er

styttra á veg kominn. Aðildarfélagin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna. Fengu þrír þjálfarar leiðsögn frá reyndum þjálfurum til að aðstoða sig við fyrstu skrefin í þjálfun.

IÐKENDAAUKNING Í FLOKKI 16 ÁRA OG ELDRÍ

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ. Tölur sem birtar eru í árslok 2011 eru fyrir árið 2010. Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölgar um 3,45% milli ára og voru iðkendur árið 2010 alls 20.775 talsins. Þetta er fjölgun um 692 frá árinu 2009. Athyglisvert er að meginhluti fjölgunarinnar er hjá iðkendum 16 ára og eldri, eða 519. Annars fjölgar iðkendum í öllum flokkum sem ÍSÍ greinir frá í sinni skýrslu, nema flokki stúlkna 15 ára og yngri, en þar er fækkun um 65 iðkendur.

Geta þarf þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra. Næst flestir iðkendur samkvæmt tölum ÍSÍ voru í golfi (16.919) og hestaíþróttum (11.408), en þetta er einu greinarnar þar sem iðkendafjöldinn fer yfir 10.000. Næstu greinar eru fimleikar (8.136), handknattleikur (7.098) og körfuknattleikur (7.019). Tvær aðrar greinar telja yfir fimm

þúsund iðkendur, en það eru frjálsíþróttir annars vegar og hins vegar almenningsíþróttir.

ÞEKKINGU MIÐLAÐ Í SAMSTARFI MILLI LANDA

KSÍ er þátttakandi í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA sem nefnist *UEFA study group scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum löndum Evrópu. KSÍ sendi fulltrúa Íslands á erlenda grundu á nokkrar ráðstefnur í *UEFA Study Group Scheme* á árinu.

Ellefu kennurum á vegum KSÍ var boðið til Skotlands um mánaðamótin febrúar/mars til að kynna sér þjálfaramenntun hjá skoska knattspyrnusambandinu. Tíu þjálfurum og öðrum fulltrúum félaga í Pepsi-deild kvenna og starfsmanni landsliðsmála kvenna hjá KSÍ var boðið til írska knattspyrnusambandsins í mars til að kynna sér uppbyggingu kvennaknattspyrnu. Þá var ellefu aðilum sem koma að kennslu á þjálfaranámskeiðum KSÍ boðið til Tékklands í október til að kynna sér þjálfaramenntun hjá tékkneska knattspyrnusambandinu. Sjö unglingsþjálfurum kvenna og fjórum þjálfurum yngri landsliða karla og kvenna var boðið til Írlands um mánaðamótin nóvember/desember til að kynna sér þjálfun afreksunglinga hjá írska knattspyrnusambandinu.

Að auku sóttu fulltrúar KSÍ aðrar erlendar ráðstefnur, þar á meðal Norðurlandaráðstefnu í þjálfaramenntun sem fór fram í Osló og UEFA ráðstefnu um þjálfaramenntun sem fram fór í Prag í Tékklandi.

STYRKIR KSÍ TIL FRÆÐSLUMÁLA

KSÍ veitir allt að 10 styrki til fræðslumála á ári hverju. Styrkur KSÍ er í formi farseðils á áfanga- stað Ícelandair og til baka og mikill fjöldi umsókna barst. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Meðal styrkja má nefna að tveir þjálfarar hlutu styrk til að fara á árlega ráðstefnu bandaríska þjálfarafélagsins, einn þjálfari hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá AZ Alkmaar í Hollandi, annar hjá Vancouver Whitecaps í Kanada og sá þriðji hjá Reading í Englandi. Tveir þjálfarar hlutu styrki til að sækja Pro licence námskeið, annar í Englandi og hinn í Danmörku.

TÆKNISKÓLA KSÍ DREIFT TIL ALLRA UNGRA IÐKENDA

Tækniskóli KSÍ er DVD-diskur sem Fræðsludeild KSÍ vann á árinu 2010. Disknum er ætlað að hvetja börn og unglinga í knattspyrnu til að æfa sjálf aukalega, og er stútfullur af æfingum til að bæta knatttækni leikmanna ásamt hvetjandi viðtölum við leikmenn A-landsliða karla og kvenna og myndbrotum úr landsleikjum. Upplag disksins er 20.000 eintök og dreifði KSÍ eintaki af disknum til allra barna og unglinga sem æfa knattspyrnu hjá aðildarfélagunum. Dreifingin fór þannig fram að landsliðsfólk heimsótti félög um allt land og afhenti hverjum og einum iðkanda sitt eintak. Mæltist þetta fyrirkomulag afar vel fyrir.

KNATTSPYRNUSKÓLI KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 6.-10. júní og hann sóttu samtals 47 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 14.-18. júní og sóttu hann 37 stúlkur. Daði Rafnsson og Mist Rúnarsdóttir sáu um skólann hjá stúlkunum. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn að vanda.

GÆÐAVOTTUN KNATTSPYRNUSKÓLA FÉLAGA

Frá árinu 2008 þegar leiðbeiningar um gæðavottun fyrir knattspyrnuskóla féлага voru unnar höfðu skólar Gróttu, HK, Víkinga R., Breiðabliks, Fjölnis, Vals og Þróttar R. hlotið gæðavottun. Starfsmenn KSÍ fara á hverju ári í skólana og endurnýja vottunina standist viðkomandi skóli hana. Allir knattspyrnuskólar sem hingað til hafa staðist vottun hafa hlotið endurnýjun. Þrjú félög sóttu um í fyrsta skipti og fékk Knattspyrnuskóli ÍR vottun, en hinum tveimur var synjað að þessu sinni. Helsta ástæða synjunar er yfirleitt sú að yfirmaður eða þjálfarar knattspyrnuskólans er ekki með tilskilda menntun. Alls eru því 8 knattspyrnuskólar komnir með gæðavottun.

VIÐURKENNINGAR FYRIR GRASRÓTARSTARF

Hvöt hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2011 – *Smábæjarleikana*, sem hafa verið haldnir um árabil. Víkingur R. fékk viðurkenningu fyrir gras-

rótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics og einnig hélt Víkingur R. mót þar sem keppt er í svokölluðum *Unified* fótbolta, en þar keppa þroskaheftir og „heilbrigðir“ saman í liði ásamt því að vera með *Unified* knattspyrnuæfingar. ÍBV fékk viðurkenningu fyrir *Pæjumótið* sem besta grasrótarviðburð stúlkna. Í ár voru þátttakendur um 800, en fyrsta mótið var haldið árið 1991.

NÝ IÐKENDAKÖNNUN FIFA Í VINNSLU

FIFA (Alþjóða knattspyrnu-sambandið) hefur hafið söfnun upplýsinga um iðkendur í knattspyrnu á heimsvísu og mun gefa út skýrslu á árinu 2012. Þessi stóra talning iðkenda (FIFA Big Count) hefur farið tvisvar sinnum fram áður (2000 og 2006) og samkvæmt skýrslunni 2006 voru knattspyrnuíðkendur á heimsvísu 265 milljónir, eða um það bil 4% mannkyns (1 af hverjum 25). Aukningin í fjölda iðkenda milli 2000 og 2006 var 10% í heildina og þar af mikil aukning meðal kvenna (41%). Flestir iðkendur voru í Asíu (85 milljónir) og næst kom Evrópa (62 milljónir). Sem dæmi um áhugaverða tölfræði úr fyrri könnun má nefna að árið 2006 voru 10% knattspyrnuíðkenda á heimsvísu konur. Á Íslandi var það hlutfall 2006 um 23%, en í dag eru konur um 30% allra iðkenda hér á landi. Afar fróðlegt verður að sjá hver breytingin verður á tölfræðinni milli 2006 og 2012.

SILFUR HJÁ ÍSLENSKA LIÐINU Á SPECIAL OLYMPICS

Ísland vann til silfurverðlauna í 7 manna fótbolta á Alþjóðaleikum Special Olympics í Aþenu í

Grikklandi. Ísland og Svartfjallaland mættust í úrslitaleik B-riðils þar sem Svartfellingar fóru með 2-1 sigur af hólmi. Íslenska liðið lék stórvel á mótinu og lék í B-riðli eins og áður segir, en riðillinn var sá næststerkasti á mótinu. Á Special Olympics er leikið í forkeppni þar sem styrkleiki liðanna er metinn og þeim svo skipað í styrkleikariðla. Óhætt er að segja að Ísland hafi því verið á meðal sterkustu liðanna í 7 manna boltanum þar sem 4-5 lið voru í hverjum riðli og hátt í 1500 keppendur í knattspyrnu á mótinu.

UNIFIED KNATTSPYRNA

KSÍ hefur undanfarin ár aðstoðað við framkvæmd Íslandsleika þroskaheftra í knattspyrnu. Haldin eru tvo mót árlega, á vorin og haustin, og hafði Víkingur R. umsjón með báðum mótunum þetta árið. Haustmótið að þessu sinni var frábrugðið hefðbundnum mótum Special Olympics að því leyti að nú var keppt í svokallaðri *Unified* knattspyrnu. Í *Unified* knattspyrnu leika þroskaheftir og aðrir saman í liði. Eina takmörkunin er sú að allir þátttakendur þurfa að vera jafnir að knattspyrnulegri getu.

•••••

SAMFÉLAGSLEG VERKEFNI

HERFERÐ GEGN MUNNTÓBAKSNOTKUN

Fyrirmyndarleikmaðurinn var átaksverkefni gegn munntóbaksnotkun knattspyrnumanna og ungs fólks á vegum embættis Landlæknis, KSÍ, ÍSÍ, UMFÍ og ÁTVR, sem stóð frá júní til loka september, eða yfir keppnistímabil knattspyrnumanna. Átakið fór fram með þeim hætti að valinn var einn leikmaður frá hverju liði í efstu deild karla og fékk hann titilinn *fyrirmyndarleikmaður*. Hlutverk leikmannsins var að vera fyrirmynd yngri iðkenda og ungs fólks, auk þess að prýða veggspjöld í auglýsingaferferð átaksins. Átakið var kynnt rækilega með auglýsingum og umfjöllun fjölmiðla og var markmiðið að koma þeim skilaboðum áleiðs að íþróttir og munntóbak eiga enga samleið.

SEKTARSJÓÐUR U21 TIL STUÐNINGS GÓÐU MÁLEFNI

Leikmenn U21 landsliðs karla upplifðu það reglulega á meðan á EM í Danmörku stóð að vera sektaðir vegna ýmissa mála. Þeir sem sekta eru leikmenn sjálfir og geta brotin verið ýmisleg, eins og t.d. að mæta of seint í morgunmat, vera ekki í réttum fatnaði á æfingu, skila ekki vegabréfinu á réttum tíma, og ýmislegt fleira. Þessi sektarsjóður var algerlega að frumkvæði leikmanna og ákváðu leikmennirnir að í lok móts myndi upphæðin renna til verkefnisins „*Meðan fætturnir bera mig*“. Upphæðin var afhent forsvarsmönnum verkefnisins að loknu móttinu og nam heildarupphæðin kr. 300.000.

MOTTUMARS OG BLEIKA SLAUFAN

KSÍ tók þátt í að vekja athygli á *Mottu-mars*, sem gekk að venju út á að vekja fólk til vitundar á krabbameini í körlum. Knattspyrnuhreyfingin var hvött til að taka virkan þátt. *Mottumars* sló algjörlega í gegn, þátttakan á landsvísu var frábær og aðstandendur verkefnisins eiga hrós skilið.

Þá tók KSÍ einnig þátt í að vekja athygli á baráttunni við brjóstakrabbamein og kynnti verkefnið *Bleiku slaufuna*. Bleiki liturinn var allsráðandi á vef KSÍ í október og nóvember, eins og áður þegar þetta átaksverkefni hefur staðið yfir.

LEIKUR ÁN FORDÓMA

Háttvísiátakið *Leikur án fordóma*, sem er samstarfsverkefni Borgunar og KSÍ, hélt áfram á árinu. Verkefnið miðar að því að útrýma fordómum og mismunun af öllu tagi úr knattspyrnunni á Íslandi, koma í veg fyrir einelti og leggja áherslu á heiðarlegan leik. Reiknað er með að enn meiri þungi verði lagður í þetta verkefni á árinu 2012.

FYLGDUST MEÐ STARFI FJÖLMIÐLA Á LANDSLEIK

EKRON er sértæk einstaklingsmiðuð atvinnutengd starfsþjálfun og endurhæfing fyrir einstaklinga með skerta vinnufærni sökum afleiðinga af áfengis- og vímuefnasýki. Markmiðið er að aðstoða fólk við að byggja sig upp fyrir framtíðina þannig að það geti tekið virkan þátt í samfélaginu á ný. Þjónustan er fyrir

18 ára og eldri sem hafa ekki gott aðgengi að vinnu. Í umræðu hjá EKRON vorið 2011 kom upp að margir hefðu áhuga á að kynna sér starf íþróttafréttamanns og einnig ljósmyndara. KSÍ gaf leyfi fyrir því að nokkrir sem eru í EKRON úrræðinu gætu komið á leik Íslands og Búlgaríu, sem var fyrsti leikur kvennalandsliðsins fyrir undankeppni EM 2013. Markmiðið var að kynna fyrir fólkinu hvernig vinna fjölmiðla á slíkum leik fer fram. Heimsóknin gekk mjög vel og kynningin bæði fróðleg og gagnleg, að sögn þeirra sem tóku þátt frá EKRON. Þátttakendum fannst áhugavert að geta séð hvað fer fram bak við tjöldin – hvort sem var í blaðamannastúkunum, viðtölum, myndatökum og ekki síst að sjá hvernig umgjörðin og vinnu-aðstæður fulltrúa fjölmiðla eru á landsleik í knattspyrnu.

DAGUR ÁN OFBELDIS

Þann 2. október var fagnað degi baráttu fyrir tilveru án ofbeldis. Ofbeldi er grundvallarvandamál okkar tíma. Það er ekki aðeins líkamlegt og birtist í stríði og barsmíðum – það birtist einnig sem efnahagslegt ofbeldi, sálrænt, trúarlegt, kynferðislegt og kynþáttabundið ofbeldi. Til að sýna samhug á táknrænan hátt var mannlegt friðarmerki myndað á Klambratúni í Reykjavík. Fjöldmörg félagsamtök, innlend sem erlend, þar á meðal KSÍ, studdu við þessa táknrænu athöfn og hvatti KSÍ sem flesta til að taka þátt.

•••••

ANNAÐ

AFMÆLISFÉLÖG

Knattspyrnufélagið Valur í Reykjavík fagnaði 100 ára afmæli sínu á árinu 2011 og var sett upp glæsileg afmælis dagskrá. Haukar fögnuðu 80 ára afmæli sínu og þá fögnuðu Víðir í Garði og Selfoss 75 ára afmælum. KSÍ heiðaraði marga félagsmenn fyrir dygga þjónustu við sín félög og knattspyrnuhreyfinguna.

100 ÁRA SAGA ÍSLANDSMÓTSINS ÚTGEFIN

100 ára saga Íslandsmótsins í knattspyrnu eftir Sigmundur Ó. Steinarsson var gefin út á árinu. Bókin, sem er afar glæsileg, er í tveimur bindum.

Fyrri bindið kom út í maí og er 384 blaðsíður. Bókin hefur að geyma mikinn fróðleik um íslenska knattspyrnu - allt frá 1870 er bolti skoppaði í land frá bresku skipi í Reykjavíkurbænum og síðan fer boltinn að rúlla fyrir alvöru 1912 þegar fyrsta Íslandsmótið fór fram. Síðan er sagan rakin í máli, myndum og grafi allt til ársins 1965.

Í desember kom svo seinna bindið út, 512 blaðsíður, og þrýða fjölmargar myndir það bindi, líkt og það fyrra. Rifjuð eru upp söguleg atvik og dregin fram söguleg augnablik og frásagnir af ógleymanlegum stundum, innan sem utan vallar. Þetta síðara bindi hefst á Íslandsmótinu 1966 og lýkur á hundraðasta mótinu, 2011.

KSÍ Á VERALDARVEFNUM

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla

meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, samninga leikmanna, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist. Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum og á þetta við um alla leiki í öllum aldursflokkum. Þannig þjónusta félögin alla sína félagsmenn með öflugri og hraðvirkri skráningu á upplýsingum, sem auðvelt aðgengi er að.

Myndavefur er aðgengilegur af forsíðu ksi.is og veitir knattspyrnuáhugafólki auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu. Jafnframt opnaði KSÍ minni myndavef í gegnum 123.is sem er talsvert einfaldari vefur með takmarkaðari eiginleikum en aðalmyndavefur KSÍ. Með þessu vonast KSÍ til að svara vaxandi eftirspurn eftir myndefni úr landsleikjum og frá öðrum viðburðum úr starfi sambandsins.

Hægt er að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutaflna. Unnið er að því að færa úrslit allra leikja í mótum meistaraflokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum. Lokið hefur verið skráningu á öllum leikskýrslum í öllum landsliðum kvenna frá upphafi og stefnt er að

því að ljúka sömu vinnu fyrir karlalandsliðin sem allra fyrst.

Samskiptavefir verða sífellt þýðingarmeiri á meðal netverja og er Facebook sá samfélagsvefur sem hefur náð hvað mestri fótfestu hér á landi. Facebook-síðu KSÍ er ætlað að ná til þeirra einstaklinga sem eru að öllu jöfnu ekki á meðal notenda ksi.is. Viðbrögðin hafa verið afar jákvæð. Á síðunni er t.d. hægt að fylgjast vel með landsliðunum okkar í verkefnum á erlendri grundu, fá innsýn inn í daglegt líf landsliðsmanna á meðan á landsliðsverkefnum stendur, skoða ljósmyndir, viðtöl og margt fleira. Eins og þeir sem þekkja til Facebook vita geta notendur vefsins átt samskipti sín á milli og við stjórnendur vefsins á frjállegan hátt. Hvatt hefur verið til þess og hefur árangurinn verið afar jákvæður.

NÍUNDA LEYFISFERLIÐ

Leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2011 (fyrsta árið var 2003), því níunda í röðinni, lauk í apríl með staðfestingu ákvarðana leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Pepsi-deild karla og 1. deild karla.

Leyfisráð samþykkti þátttökuleyfi 2011 til handa öllum umsækjendum í Pepsi-deild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ. Í reglugerðinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til

félaga í 1. deild eru að grunni til þær sömu, en í mörgum ákvæðum lægri en í Pepsi-deild. Félög sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma.

Eitt félag í 2. deild að auki undirgekkst leyfisferlið að eigin ósk, Njarðvík, og stóðst allar þær kröfur sem gerðar eru til félaga í 1. deild.

Kröfur um endurskoðun ársreikninga félaga í 1. deild voru lækkaðar. Fram að þessu þurftu 1. deildarfélög að skila inn ársreikningum með fullri áritun endurskoðanda (full audit), eins og félög í Pepsi-deild, en í fyrsta sinn þurftu félögin í 1. deild einungis svokallaða könnunar-áritun (review).

Með leyfisumsókn félaga í báðum deildum þurftu að fylgja staðfestingar á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur gegn því að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Við leyfisveitingu fengu nokkur félög ábendingar vegna nýrra greina í leyfisreglugerðinni, en gefin er árs aðlögun áður en þær greinar verða keyrðar af fullum krafti. Annars vegar var um að ræða kröfu um menntun aðstoðarþjálfara í yngri flokkum og hins vegar kröfu um menntun yfirþjálfara yngri flokka, sem var hækkuð úr KSÍ-B í KSÍ-A. Félögunum var bent á að menntun þjálfara yrði skil-yrðislaust að uppfylla allar kröfur eins fljótt og mögulegt er, miðað

við framboð KSÍ á námskeiðum. Þá var þeim tilmælum beint til nokkurra félaga að fylgjast með endurmenntun þjálfara sinna vegna útrunninna skírteina.

GÆÐAVOTTUN Á LEYFIS-KERFINU ENDURNÝJUÐ

Um miðjan ágúst kom hingað fulltrúi SGS, sem er alþjóðlegt matsfyrirtæki sem UEFA hefur ráðið til að gera gæðaúttekt á leyfiskerfi í öllum aðildarlöndum sambandsins (UEFA Licensing Audit). Fulltrúi SGS skoðaði vel alla uppbyggingu leyfiskerfis KSÍ, verkferla, vinnulag og fleira sem snýr að stjórnun leyfiskerfisins. Þessi úttekt SGS er árviss viðburður og var ein minniháttar athugasemd gerð við upp-byggingu leyfiskerfis KSÍ, sem úr var bætt fyrir sumarlok.

GÆÐAÚTTEKT Á UPPELDISÁÆTLUNUM

Í kjölfar allsherjarúttektar UEFA á leyfiskerfi KSÍ haustið 2009 voru ýmsar breytingar gerðar á vinnuferlum tengdu kerfinu, m.a. við mat á leyfisgögnum félaga. Ein athugasemd UEFA sneri að gæðamati á áætlunum félaga er varða uppeldi ungra leikmanna. Fram til ársins 2010 dugði leyfisumsækjendum að skila inn staðfestri uppeldisáætlun og birta hana opinberlega á vefsíðu sinni. Hin skriflega áætlun var skoðuð og metið hvort hún uppfyllti þau skilyrði sem sett eru í leyfisreglugerðinni. Ekkert mat fór hins vegar fram á framkvæmd hennar, þ.e. hvort félögin væru í raun og veru að vinna samkvæmt hinni samþykktu áætlun, hvort þjálfarar væru meðvitaðir um áætlunina og hvernig félögin væru að meta árangur af starfinu.

Sumarið 2010 var smíðað vinnulag við mat KSÍ á gæðum uppeldisáætlana og framkvæmd þeirra. Eitt félag var heimsótt það sumar og fjögur til viðbótar fengu heimsókn sumarið 2011. Markmiðið er að hjálpa félögunum og styðja þau í að vinna samkvæmt sínum samþykktu uppeldis-áætlunum og meta árangurinn af starfinu. Viðbrögðin hafa verið jákvæð og reiknað er með að gera slíkar úttektir hjá fjórum félögum á ári hverju.

LEYFISREGLUGERÐ 2.1

Útgáfa 2.1 af leyfisreglugerð KSÍ tók gildi í nóvember 2011 og er unnið samkvæmt henni í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2012. Meðal breytinga má nefna að refsíákvæði og viðurlög voru alfarið færð úr leyfisreglugerðinni, sem inniheldur nú aðeins tilvísanir í viðeigandi ákvæði í lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Þá voru gerðar ýmsar breytingar á fjárhagskafla reglugerðarinnar að kröfu UEFA og hann styrktur með ýmsum hætti. Nýja reglugerðin, ásamt breytingum milli ára, var kynnt félögunum á fundi formanna og framkvæmdastjóra og síðan á sérstökum vinnufundum með leyfisfulltrúum og endurskoðendum félaga.

STARFSHÓPAR

Á ársþingi KSÍ 2010 var samþykkt að skipa 5 manna starfshóp sem ætlað var að leggja fram tillögur um aðgerðir og fylgja eftir jafnréttisáætlun KSÍ sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008. Premur málum sem tekin voru fyrir á ársþinginu 2010 var vísað í þennan starfshóp til umfjöllunar og gaf starfshópurinn skýrslu á þinginu 2011, þar sem

jafnframt var ákveðið að hópurnir myndi starfa áfram. Einnig var starfræktur á árinu starfshópur um útbreiðslu Futsalinnanhússknattspyrnu, sem og sérstakur starfshópur stjórnar KSÍ og var hlutverk hans að fylgja eftir ákvörðunum stjórnarinnar.

TRÚNAÐARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var á árinu skipaður annar varaformaður í nefnd UEFA um mót landsliða sem m.a. sér um skipulagningu á EM karlalandsliða. Geir var áður í dómara nefnd UEFA og var einnig í undirbúningsnefnd FIFA fyrir HM U20 landsliða karla sem fram fór í Kólumbíu. Lúðvík Georgsson, stjórnarmaður KSÍ og formaður leyfisráðs, er í leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvenna knattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í fjölmiðlanefnd UEFA. Viðar Halldórsson er fulltrúi Íslands í samtökum evrópskra knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA), en þau samtök hafa það hlutverk að gæta hagsmuna knattspyrnufélaganna innan UEFA.

KSÍ á einnig sína fulltrúa á meðal alþjóðlegra eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, Guðmundur Pétursson, Eggert Magnússon og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, störfuðu sem eftirlitsmenn á ýmsum leikjum á vegum UEFA og FIFA á árinu. Gylfi Þór Orrason, varaformaður KSÍ, Eyjólfur Ólafsson, Pjetur Sigurðsson, Sigurður Hannesson og Ingi Jónsson störfuðu sem dómaraeftirlitsmenn. Þá starfaði Gunnar

Gylfason, starfsmaður KSÍ, sem vettvangsstjóri UEFA (Venue Director) á UEFA leikjum félagsliða. Störfuðu þessir aðilar á fjölda leikja víðsvegar um Evrópu, frá Tromsø í norðri til Möltu í suðri og frá Lissabon í vestri til Yerevan í austri. Töflu yfir störf eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna má sjá í fylgiskýrslu.

KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi nefndarskipan og þátttaka í alþjóðlegum verkefnum viðurkenning á því starfi.

GEIR EFTIRLITSMÆÐUR Á BARCELONA - MAN UTD

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var tilnefndur af UEFA sem eftirlitsmaður á úrslitaleik Meistaradeildar UEFA, sem fram fór fram á Wembley 28. maí þar sem risarnir Barcelona og Manchester United mættust. Ekki þarf að fjölyrða um það hversu mikill heiður þetta var fyrir Geir og Knattspyrnusamband Íslands enda er um að ræða stærsta leik evrópskar knattspyrnu á hverju ári.

ELLERT B. SCHRAM HEIÐRAÐUR AF UEFA

Á 35. ársþingi UEFA sem haldið var í París í mars var Ellert B. Schram, fyrrum formaður KSÍ, heiðraður fyrir áralöng farsæl störf hans í þágu knattspyrnunnar. Ellert fékk viðurkenningu sem nefnist "UEFA Order of Merit in Ruby" og var einn fjögurra sem voru sæmdir þessari viðurkenningu á þinginu en einnig var Franz Beckenbauer heiðraður sérstaklega fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar

sem leikmaður, þjálfari og stjórnandi. Ellert var formaður KSÍ frá árinu 1973 til ársins 1989. Hann hefur einnig sinnt ýmsum störfum fyrir UEFA.

STYRKUR ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ

KSÍ fékk á árinu úthlutað úr afrekssjóði ÍSÍ kr. 4.000.000 vegna þátttöku A-landsliðs kvenna í undankeppni EM 2013 og Algarve-bikarnum í Portúgal. Þá var KSÍ úthlutað kr. 500.000 úr Styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna vegna verkefna yngri landsliða.

KÆRUR - ÚRSKURÐIR

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 6 kærur á árinu. Þrjú mál fóru fyrir áfrýjunardómstól KSÍ og öll voru þau áfrýjanir eftir venjubundna úrskurði aga- og úrskurðarnefndar.

Knattspyrnufélag Hlíðarenda (KH) kærði Létti vegna leiks í Valitor-bikar karla í upphafi sumars, þar sem KF taldi að lið Léttis hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Létti gert að greiða sekt.

Höttur lagði fram kæru vegna leiks í Íslandsmóti 4. flokks karla vegna ólöglegs leikmanna í liði Knattspyrnufélags Fjallabyggðar (KF). Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda og úrskurðaði Hetti 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var KF gert að greiða sekt.

Þriðja kæra ársins var einnig vegna meints ólöglegs leikmanns. Grundarfjörður lagði fram kæru gegn Skallagrími vegna leiks í 5.

flokki kvenna. Málinu var vísað frá.

Markaregn kærði leik gegn KFG í 3. deild karla, þar sem Markaregn taldi að aðstoðardómari hefði ekki haft tilskilin réttindi til að starfa við leikinn. Farið var fram á að úrslitum leiksins yrðu breytt, en aga- og úrskurðarnefndin úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óhögguð.

Augnablik kærði Knattspyrnufélag Vesturbæjar (KV), þar sem fyrrnefnda liðið taldi KV hafa teflt fram ólöglegum leikmanni. Augnablik vildi meina að KV hefði fengið undanþágu vegna félagskipta markmanns á röngum forsendum. Aga- og úrskurðarnefnd vísaði málinu frá.

Fjölnir kærði Val vegna leiks í 5. flokki karla, þar sem Fjölnir taldi að Valur hefði teflt fram ólöglegum leikmanni. Aga- og úrskurðarnefnd vísaði málinu frá.

Fram áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um rúmlega tveggja mánaða leikbann leikmanns 2. flokks, Marteins Arnarsonar, til áfrýjunardómstóls KSÍ, en áfrýjunardómstóllinn staðfesti niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar.

Víkingur Ólafsvík áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um þriggja leikja bann þjálfara meistaraflokks karla, Ejubs Purisevic. Áfrýjunardómstóllinn úrskurðaði svo að þriggja leikja bann skyldi standa óhaggað.

Þór áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um sekt vegna blysanotkunar stuðningsmanna á úrslitaleik Valitor-bikars karla. Áfrýjunardómstóllinn féllst á kröfur Þórsara og var fyrri úrskurðinum hrundið.

PEPSI-DEILDIN TIL 2015

Í september var undirritaður fjögurra ára samningur á milli Ölgerðarinnar og Sportfive (sem er rétthafi sjónvarpsréttar og nafnaréttar efstu deilda KSÍ í knattspyrnu) og verður hann í gildi út keppnistímabilið 2015. Efstu deildir karla og kvenna mun því vera Pepsi-deildir næstu fjögur árin að minnsta kosti. Undirritun samningsins er mikill áfangi og tryggir áframhaldandi öflugan stuðning Ölgerðarinnar við íslenska knattspyrnu undir merkjum Pepsi-deildarinnar.

ALLTAF Í BOLTANUM MEÐ KSÍ

KSÍ hefur síðan 2006 verið í samstarfi við öflug fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. KSÍ tengir slagorðið *Alltaf í boltanum* við starfsemi sína, en það lýsir vel því hugarfari sem einkennir allt starfið. Samningar þessir fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin voru sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fyrirtæki þessi eru:

- Borgun
- Coca-Cola (Vífílfell)
- Icelandair
- Íslenskar getraunir
- Landsbankinn

Þá átti KSÍ samstarf á árinu við Sjóvá, Guðmund Jónasson, Ísspor, Icelandair Hotels (Flugleiðahótel), Bakarameistarann, Odda, Miða.is, Errea (Safalinn) og fleiri þjónustufyrirtæki.

•••••

FJÁRMÁL

RÍFLEGA 350 MILLJÓNIR TIL ÍSLENSKRA FÉLAGA

UEFA ákvað á árinu, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeild UEFA (Champions League) 2010/2011 skyldi renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglunga. Uppgjöri vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2011 fór fram um haustið og fengu íslensk félög um 44 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglungastarfs. Samkvæmt ákvörðun UEFA skulu öll framlög vegna Meistaradeildar UEFA til barna- og unglungastarfs renna til félaga í efstu deild. Framlag UEFA skiptist því á milli félaga í Pepsi-deild karla. UEFA setur eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu sinni til félaga í Pepsi-deild karla:

- 1) Greiðslan fer í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband.
- 2) Aðeins félög sem leika í efstu deild og uppfylla lágmarks kröfur leyfiskerfis viðkomandi sambands varðandi barna- og unglungastarf geta fengið greiðslu.
- 3) Fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi sambands.
- 4) Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2010/2011 skulu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði ákvað stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem leika í Pepsi-deild karla árið 2011, en í þeirri deild hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a.

kröfur um samþykkt áætlun um uppeldisstarf).

Stjórn KSÍ samþykkti síðan að leggja til um 44 milljónir króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum og utan deilda en skipting á framlagi til barna- og unglingastarfs varð þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu kr. 3.620.000 sem er framlag UEFA, félög úr 1. deild fengu kr. 1.600.000, félög í 2. deild karla fengu kr. 1.100.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun var háð því að félög hafi haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag.

Greiðslan til félaganna var skilyrt þannig að hún myndi renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Samtals var því framlag UEFA og KSÍ til barna- og unglingastarfs fyrir árið 2011 um 88 milljónir króna.

Þau félög sem tóku þátt í UEFA keppnum 2011 fengu í sinn hlut samtals um 139 milljónir króna, Breiðablik um 52 milljónir fyrir þátttöku í forkeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League), og Íslandsmeistaratitillinn 2010, KR um 42 milljónir fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA (UEFA Europa League) og FH og ÍBV um 14 milljónir hvort félag, einnig fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA. Kvinnalið Vals og Þórs/KA fengu svo um 4 milljónir hvort félag vegna þátttöku í 32 liða úrslitum UEFA Meistaradeildar kvenna.

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 14,4 m.kr. í verðlaunafé fyrir árangur í Pepsi-deild og Valitor-bikar. Auk þess fengu félög í Pepsi-deild og Valitor-bikar sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi samtals að upphæð um 111 milljónir króna.

Heildarframlag UEFA og KSÍ til aðildarfélaga á árinu 2011 er því ríflega 230 milljónir króna. Að auki skiluðu sjónvarps- og markaðssamningar félögum 125 milljónum króna.

Pepsi-deild karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	FH	700.000
3	ÍBV	500.000
4	Stjarnan	300.000
5	Valur	300.000
6	Breiðablik	300.000
7	Fylkir	300.000
8	Keflavík	300.000
9	Fram	200.000
10	Grindavík	200.000
11	Þór	200.000
12	Víkingur R.	200.000
		4.500.000

Valitor-bikar karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Þór	500.000
3-4	Bí/Bolungarvík	300.000
3-4	ÍBV	300.000
5-8	Fjölnir	200.000
5-8	Grindavík	200.000
5-8	Keflavík	200.000
5-8	Þróttur	200.000
9-16	Breiðablik	100.000
9-16	FH	100.000
9-16	Fram	100.000
9-16	Hamar	100.000
9-16	Haukar	100.000
9-16	HK	100.000
9-16	Valur	100.000
9-16	Víkingur R.	100.000
		3.700.000

Pepsi-deild kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Valur	700.000
3	ÍBV	500.000
4	Þór/KA	300.000
5	Fylkir	300.000
6	Breiðablik	300.000
7	Afturelding	300.000
8	KR	300.000
9	Grindavík	200.000
10	Þróttur R.	200.000
		4.100.000

Valitor-bikar kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	KR	500.000
3-4	Afturelding	300.000
3-4	Fylkir	300.000
		2.100.000

500.000 KR. STYRKUR TIL LEYFISUMSÆKJENDA

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar að greiða öllum 24 félögum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla og 1. deild karla 500 þúsund krónur, sem greiddist í tveimur hlutum.

KOSTNAÐUR VEGNA DÓMGÆSLU VEX

Útgjöld KSÍ vegna dómaramála á árinu voru 92,2 milljónir króna, sem er hækkun um rúmar 7 milljónir frá fyrra ári. Þess má geta að árið 2009 var þessi tala 68 milljónir króna og því hefur kostnaður vegna dómgæslu vaxið mikið á síðustu árum. Stærstu liðirnir í ár voru ferðakostnaður, laun og tengd gjöld, um 72 milljónir króna.

Eins og á síðasta ári ákvað stjórn KSÍ að sambandið myndi taka yfir

ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir árið 2012 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum Valitor-bikarsins. Þar með er ljóst að niður falla öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þáttökutilkynningum meistaraflokks á árinu, sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaga á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft. Við þetta lækkar kostnaður félaganna um 30 milljónir króna.

STERK STAÐA

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2011 námu 766 milljónum króna samanborið við 723 milljónir króna á árinu 2010. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af hækkun sjónvarpstekna og auknu framlagi frá UEFA. Rekstrarkostnaður KSÍ var í samræmi við áætlanir eða um 705 milljónir króna.

Rekstrarhagnaður ársins nam tæpri 61 milljón króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir rúmlega 56 milljóna króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ um 92 milljónir króna.

Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu um 83 milljónum króna vegna barna- og unglíngastarfs, leyfiskerfis og fleira. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum að fjárhæð 69 milljónum króna. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga nam hagnaður ársins því ríflega 9 milljónum króna.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ var traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé um 338 milljónir króna og eignir alls 813 milljónir króna. Eigið fé KSÍ var um 228 milljónir króna í árslok.